



NÝHERJI

ÚTGEFANDALÝSING MARS 2008

Efnisyfirlit

Áhættupættir	4
1.1 Markaðsáhætta	4
1.2 Rekstraráhætta	4
1.3 Ímyndaráhætta.....	6
1.4 Gjaldeyris- og vaxtaáhætta	6
1.5 Áhætta tengd fjárfestingum í öðrum félögum	6
1.6 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta	7
1.7 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta	7
1.8 Lagaleg áhætta	7
1.9 Tryggingar og ábyrgðir.....	8
1.10 Alþjóðlegir reikningskilastaðlar.....	8
1.11 Dómsmál og gerðardómsmál.....	8
Ábyrgðaraðilar, löggiltir endurskoðendur og umsjónaraðili	9
2.1 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda	9
2.2 Yfirlýsing endurskoðenda	9
2.3 Yfirlýsing umsjónaraðila.....	10
Skilgreiningar og tilvísanir.....	11
Tilkynning til fjárfesta	12
Valdar fjárhagsupplýsingar	14
Almennar upplýsingar.....	15
6.1 Stofnun og saga.....	15
6.2 Hlutfé og hluthafar	17
Skipulag og starfsemi	19
7.1 Skipulag móðurfélags	20
7.2 Starfsemi.....	21
7.3 Dótturfélög	24
7.4 Helstu fjárfestingar frá árinu 2005.....	30
7.5 Hlutdeildarfélög.....	31
7.6 Upplýsingatæknimarkaðurinn	31
Stjórnarhættir, stjórn og starfsmenn.....	34
8.1 Stjórnarhættir	34
8.2 Stjórn, lykilmenn og endurskoðendur	35
8.3 Starfsmenn.....	39

8.4	Kaupréttarkerfi	40
	Fjárhagsupplýsingar	41
9.1	Samstæðureikningur og reikningsskilaaðferðir.....	41
9.2	Rekstur.....	41
9.3	Efnahagur	44
9.4	Sjóðstreymi	49
9.5	Pro forma fjárhagsupplýsingar.....	49
9.6	Mikilvægar breytingar á fjárhags- og viðskiptastöðu	53

Áhættuþættir

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Nýherjasamstæðan starfar á mörkuðum þar sem fjölmargir þættir geta haft áhrif á rekstur og starfsemi. Umfjöllunin hér að aftan er ekki tæmandi, heldur er fjallað um áhættuþætti sem eiga sérstaklega við aðstæður samstæðunnar og hafa mikilvæga þýðingu varðandi fjárfestingu í verðbréfum útgefanda. Einnig er fjallað um þær aðferðir sem stjórnendur nota til þess að halda áhættu í lágmarki þar sem það á við.

Þrátt fyrir markvissa vinnu forráðamanna samstæðunnar í þá átt að minnka áhættuna sem tekin er hverju sinni er sú hættu alltaf fyrir hendi að breytingar á samkeppnisumhverfi, á fjármálamörkuðum, öðrum ytri þáttum eða í rekstri samstæðunnar geti haft neikvæð áhrif á afkomu þess.

1.1 Markaðsáhætta

Með markaðsáhættu er hér átt við þá áhættu sem skapast vegna samkeppni, inngöngu nýrra aðila á markað, breytinga á meðal stærstu birgja og viðskiptavina eða tækninýjunga sem umbreyta áherslum á markaði og þá um leið markaðshlutdeild útgefanda. Einnig getur efnahagsástandið, sem og umskipti í stjórn landsmála á Íslandi og í þeim löndum sem samstæðan er með starfsemi, haft áhrif á rekstur og gengi. Vöxtur í íslenska hagkerfinu á síðustu árum er ekki endilega vísbending um það sem koma skal og ofangreindir þættir leika umtalsvert hlutverk í framtíðarþróun félagsins.

Nýherji hf. og dótturfélög starfa öll á mörkuðum þar sem samkeppni ríkir og eru því háð markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Markaðsáhætta er einn helsti áhættuþáttur í starfsemi upplýsingatæknifyrirtækja.

Útgefandi hefur ekki ráðandi markaðsstöðu á þeim mörkuðum sem hann keppir á og er því í meiri hættu en ella að tapa viðskiptum vegna breytinga í samkeppnisumhverfi. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um stærð upplýsingatæknimarkaðar á Íslandi en ljóst er að Nýherjasamstæðan er einn stærsti aðilinn á þeim markaði.

Samkeppni á upplýsingatæknimarkaði er bæði á endursölumarkaði búnaðar og hjá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í hugbúnaðarlausnum, ráðgjöf og hýsingu. Helstu keppinautar á Íslandi í sölu búnaðar eru Opin kerfi og EJS. Helstu keppinautar í hugbúnaðarlausnum og hýsingu eru HugurAx, Landsteinar Strengur, Skýrr, Kögun, Síminn, Teris, Þekking, Annata og Maritech. Auk Íslands er samstæðan með starfsemi í Danmörku, Svíþjóð og á Bretlandi en markaðshlutdeild á þeim mörkuðum er lítil.

1.2 Rekstraráhætta

Með rekstraráhættu er átt við ýmsa áhættuþætti sem lúta að daglegum rekstri samstæðunnar. Rekstraráhættuþættir tengjast m.a. innri verkferlum, tölvukerfum, mannlegum mistökum og ytri þáttum. Helstu áhættuþættir sem varða daglegan rekstur snúa að núverandi

viðskiptavinum, samningum og mannauði. Einnig má nefna áhættuþætti er lúta að birgjum, útistandandi kröfum, birgðum og vexti útgefanda.

Mikið er lagt upp úr því að viðhalda góðu sambandi við viðskiptavini og þeim samningum sem gerðir hafa verið við viðskiptamenn. Þrátt fyrir þetta er sú hættu alltaf fyrir hendi að vegna fjárhagsástæðna viðskiptavinar eða annarra ástæðna sé viðskiptum hætt. Ef um stóra viðskiptavini er að ræða getur riftun samninga haft umtalsverð neikvæð áhrif á fjárhag útgefanda. Um 23% af tekjum samstæðunnar á árinu 2007 kom frá fimm stærstu viðskiptavinum.

Gengi upplýsingatæknifyrirtækja byggist að stórum hluta á hæfni og reynslu starfsmanna. Ef starfsmannavelta er mikil og margt reynt starfsfólk hettir, skapast sú hættu að umtalsverður hluti þeirrar sérþekkingar, reynslu og sambanda sem liggur hjá starfsfólki tapist og flytjist jafnvel til keppninauta (sjá frekari umfjöllun undir liðnum 1.7 um stjórnunar- og starfsmannaáhættu).

Samstæðan kaupir vörur til dreifingar og endursölu frá fjölmörgum aðilum og þjónustar þann búnað. Nefna má vörur frá IBM, Lenovo, Canon, Heidelberg, Avaya og SAP. Oft er um sérstaka leyfissamninga að ræða þar sem gerð er krafa um að endursöluaðili búi yfir nauðsynlegri þekkingu til að geta selt og þjónustað þann búnað sem um ræðir. Leyfissamningar eru ein af grunnforsendum fyrir þeim kjörum sem hægt er að kaupa búnað af frá birgjum og viðhalds- og viðgerðarþjónustu á þeim búnaði.

Til að lágmarka þá áhættu sem tengist útistandandi viðskiptakröfum samstæðunnar eru kröfurnar metnar með reglubundnu millibili og færðar niður ef talið er að hluti þeirra muni ekki innheimtast. Viðskiptakröfur samstæðunnar í lok árs 2007 námu 2.238 m.kr. að nafnvirði og niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast nam 29 m.kr. Settar hafa verið útlánareglur þar sem allir nýir viðskiptamenn samstæðunnar eru metnir áður en þeim er veittur greiðslufrestur.

Vörur eru í sumum tilvikum seldar með eignarréttarfyrirvara, þannig að ef kröfur sem stofnast við sölu innheimtast ekki getur samstæðan endurheimt vöruna.

Birgðir samstæðunnar í árslok 2007 námu 694 m.kr. og skiptast í birgðir í verslunum og á vörulager (633 m.kr.), verk í vinnslu (25 m.kr.) og varahlutabirgðir (35 m.kr.) Áhættu tengd birgðum tengist fyrst og fremst því að verðmæti þeirra getur minnkað eða þær úrelst vegna tækninýjunga og/eða annarra þátta sem hafa áhrif á eftirspurn eftir þeim. Birgðir eldri en eins árs eru metnar á gangvirði í bókum samstæðunnar.

Nýherjasamstæðan hefur vaxið umtalsvert á síðustu árum. Er þar um að ræða bæði ytri og innri vöxt. Stjórnendur eru meðvitaðir um að mikill vöxtur hefur í för með sér auknar fjárfestingar og aukinn rekstrarkostnað og að stjórnendur hafa minni tíma í daglegan rekstur. Ef ekki er haldið vel utan um stjórnun vaxtar samhliða daglegum rekstri getur það haft umtalsverð áhrif á fjárhagsstöðu og afkomu.

Hjá samstæðunni er starfandi innri endurskoðun sem hefur m.a. það hlutverk að gera kannanir á ýmsum þáttum í rekstri samstæðunnar, svo sem hvað varðar gerða samninga, innkaup og viðskiptakröfur. Þá er það hlutverk hennar að tryggja að til staðar séu skilgreindir verkferlar fyrir helstu verkþætti og að farið sé eftir þeim.

Í tengslum við kaup Nýherja hf. á ráðandi hlut í TM Software hf. hefur verið framkvæmd áreiðanleikakönnun (e. Due Diligence) á TM Software hf. og dótturfélögum þess.

1.3 Ímyndaráhætta

Áhætta í tengslum við ímynd og orðspor Nýherja hf. og dótturfélaga felst í því að eitthvað sem gerist hafi slæm áhrif á þá ímynd og orðspor sem félagið hefur skapað sér meðal viðskiptavina sinna og annarra aðila. Skaðinn felst einkum í því að viðskiptavinurinn leitar á önnur mið með viðskipti sín og getur slíkt komið til vegna beinna eða óbeinna gjörða starfsmanna, en einnig af ástæðum þeim óviðkomandi. Sú ímynd sem samstæðan hefur er á meðal mikilvægustu eigna Nýherja og því er markvisst reynt að viðhalda og bæta hana hverju sinni og er hluta af markaðskostnaði varið til að viðhalda henni.

1.4 Gjaldeyris- og vaxtaáhætta

Tekjur samstæðunnar eru að stærstum hluta í íslenskum krónum en einnig er umtalsverður hluti tekna í dönskum krónum í gegnum dótturfélög í Danmörku. Birgjar eru aftur á móti víðsvegar að úr heiminum og kaup á vörum frá þeim eru því að stærstum hluta í annarri mynt en íslenskum og dönskum krónum. Stærstur hluti vaxtaberandi skulda samstæðunnar var í íslenskum krónum, dönskum krónum og evrum í árslok 2007 en um 10% í annarri mynt. Gengi dönsku krónunnar er tengt evrunni í gegnum ERM II (e. European Exchange Rate Mechanism). Danski seðlabankinn heldur gengi dönsku krónunnar gagnvart evru innan 2,25% marka frá viðmiðunargengi.

Gjaldeyrisáhætta tengist því að óhagstæðar hreyfingar á erlendum gjaldmiðlum valdi fjárhagslegu tapi. Rekstrarkostnaður getur aukist með óhagstæðum hreyfingum á erlendum gjaldmiðlum gagnvart íslensku og/eða dönsku krónunni án þess að samsvarandi aukning verði á tekjum. Gengisáhætta í samstæðufélögum er takmörkuð að hluta með því að myntsamsetning eigna og skulda er í samræmi við fjárstreymi vegna rekstrar. Samningar, sem gerðir eru um sölu á vélbúnaði og hugbúnaði fram í tímann, eru gengistryggðir.

Vaxtaáhætta tengist óhagstæðri þróun vaxta á lánnum sem bera breytilega vexti. Öll vaxtaberandi lán samstæðunnar í árslok 2007 báru breytilega vexti.

Starfsmönnum hér á landi hefur nýverið verið boðið að fá ákveðinn hluta launa sinna greiddan í evrum.

1.5 Áhætta tengd fjárfestingum í öðrum félögum

Áhætta vegna fjárfestinga í öðrum félögum tengist fyrst og fremst því að arðsemi fjárfestinga verði minni en búist var við og að áætlanir um samlegðaráhrif gangi ekki eftir. Árangur fjárfestinga í öðrum félögum er háður nokkrum þáttum, svo sem því hvernig til tekst að fella nýjan rekstur að þeim rekstri sem fyrir er og hvernig fjármögnun er háttáð. Fjárfestingar í öðrum félögum hafa á undanförunum árum að langstærstum hluta verið í dótturfélögum.

1.6 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjárahætta tengist því að samstæðan eigi ekki nægjanlegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar þegar að gjalddaga kemur. Reynt er að halda slíkri áhættu í lágmarki með áætlunargerð og reglulegu eftirliti.

Fjármögnunaráhætta lýtur að langtímafjármögnun og fjármögnun á vexti samstæðunnar. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 31,2% í lok ársins 2007, samanborið við 30,7% í lok árs 2006 og 35,2% í árslok 2005. Vaxtaberandi skuldir í lok ársins 2007 námu 1.664 m.kr. og nemur væntanleg afborgun þeirra á árinu 2008 um 283 m.kr., 200 m.kr. 2009 og 186 m.kr. 2010. Handbært fé í árslok 2007 nam 118 m.kr. Samið hefur verið um yfirdráttarheimildir og hefur samstæðan aðgang að lánalínum hjá þremur íslenskum viðskiptabönkum. Lánsheimildirnar eru allt að 1.540 m.kr.

1.7 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Stjórnunaráhætta er fólgin í stjórnun, þekkingu og skipulagi innan samstæðunnar. Til að halda þeirri áhættu í lágmarki hjá samstæðunni er lögð áhersla á skýra ábyrgð einstakra stjórnenda dótturfélaga og sviða og skýrt valdsvið.

Upplýsingatækni er í eðli sínu þekkingariðnaður. Starfsemi Nýherja og dótturfélaga byggist því að stórum hluta á þekkingu starfsmanna og er töluverð áhætta fólgin í því að lykilfólk hverfi úr starfi til annarra fyrirtækja. Starfsmannaáhætta er haldið í lágmarki með skýrri starfsmanna- og launastefnu sem miðar ávallt að því að halda færasta fólkinu í starfi.

1.8 Lagaleg áhætta

Nýherjasamstæðan er með starfsemi í fjórum löndum og fellur rekstur hvers félags undir þau lög og reglugerðir sem í gildi eru á hverjum stað.

Útgefandi er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð sem starfar í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög. Útgefandi fellur undir ákvæði íslenskra laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerðir settar á grundvelli þeirra laga. Útgefandi er skráður á aðalmarkað OMX ICE og fellur því undir reglur OMX ICE er lúta að slíkri skráningu.

Þeir sem fjárfesta í hlutum útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfavíðskipti, svo sem reglur um yfirtökutilboð og flöggunarskyldu.

Nýjar lagasetningar og túlkningar framkvæmda- og eftirlitsaðila á gildandi lögum og reglum sem tengjast starfsemi útgefanda geta með beinum eða óbeinum hætti haft áhrif á rekstur hans.

Rekstur Nýherja hf. og dótturfélaga felur í sér lagaáhættu. Áhættuþætti er erfitt að meta og umfang þeirra og magn getur verið óþekkt í umtalsverðan tíma.

1.9 Tryggingar og ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum ábyrgðir en í árslok 2007 námu þær 604 m.kr. Á rekstrarfjármunum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum, sem voru að eftirstöðvum 935 m.kr. í árslok 2007.

Nýherji hefur keypt sérstakra ábyrgðartryggingu fyrir stjórn og stjórnendur hvað snertir skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja aðila, er þeir kunna að skapa sér með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi. Vátryggingarfjárhæðin er 100 m.kr. á ári. Ekki hefur reynt á þá ábyrgðartryggingu.

Innflutningur, útflutningur, rekstrarfjármunir, vörubirgðir, sýningartæki o.þ.h. er vátryggt. Félagið er með rekstrarstöðvunartryggingu og er þannig tryggt fyrir aukakostnaði, svo sem húsaleigu, standsetningu og flutningskostnaði, sem það gæti orðið fyrir ef húsnæði þess yrði ónothæft vegna t.d. bruna- eða vatnstjóns. Þá hefur félagið keypt innbústryggingu á tjónum vegna eldsvoða, vatnstjóna og innbrota.

Félagið kaupir auk þess frjálsa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna sinna og slysa-tryggingu launþega skv. kjarasamningsbundinni ábyrgð sinni gagnvart starfsmönnum.

1.10 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar því mati. Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Samstæðuársreikningar útgefanda fyrir árin 2005, 2006 og 2007 eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Upplýsingar um mikilvæg atriði þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilum er að finna í skýringum 7, 13 og 23; um fjárfestingu í dótturfélögum, um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild og um mat á kaupréttarsamningum í samstæðureikningi útgefanda fyrir árið 2007.

1.11 Dómsmál og gerðardómsmál

Útgefanda er ekki kunnugt um að dómsmál eða gerðardómsmál vegna gerðra samninga eða annarra þátta séu í gangi gagnvart honum, er kunna að hafa umtalsverð áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi félagsins. Félaginu er ekki kunnugt um að slíkar málshöfðanir séu yfirvofandi og ekki er fyrirsjáanlegt að truflun af einhverju slíku tagi raski fjárhagsstöðu útgefanda í náninni framtíð.

Ábyrgðaraðilar, löggiltir endurskoðendur og umsjónaraðili

2.1 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda:

Nýherji hf., kennitala 530292-2079, Borgartúni 37, 108 Reykjavík, lýsir því yfir sem útgefandi að samkvæmt bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 14. mars 2008

Fyrir hönd útgefanda

Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður

Pórður Sverrisson, forstjóri

2.2 Yfirlýsing endurskoðenda

KPMG hf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað og áritað án fyrirvara samstæðuársreikninga Nýherja hf. fyrir árin 2005, 2006 og 2007. KPMG hf. staðfesti að reikningarnir voru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og gáfu glögga mynd af rekstri og fjárhagsstöðu samstæðunnar.

KPMG hf. staðfestir að upplýsingar í útgefandalýsingu þessari, sem varða þau reikningsskil eru í samræmi við ofangreinda samstæðuársreikninga.

Reykjavík, 14. mars 2008

Fyrir hönd KPMG hf.

Sæmundur Valdimarsson, löggiltur endurskoðandi

Ólafur Már Ólafsson, löggiltur endurskoðandi

2.3 Yfirlýsing umsjónaraðila

Sparisjóður Mýrasýslu, kennitala 610269-5409, Digranesgötu 3, 310 Borgarnesi, hefur umsjón með útboði og töku nýrra bréfa til viðskipta hjá OMX ICE og hefur meðal annars verið ráðgjafi útgefanda við gerð þessarar útgefandalýsingar. Sparisjóður Mýrasýslu lýsir því yfir að við gerð útgefandalýsingar þessarar var aflað þeirra gagna sem að mati Sparisjóðs Mýrasýslu voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af Nýherja hf. og verðbréfum félagsins og að mati Sparisjóðs Mýrasýslu var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á verðbréfum útgefanda sem óskað er eftir að tekin séu til viðskipta.

Borgarnesi, 14. mars 2008

Fyrir hönd umsjónaraðila

Stefán Sveinbjörnsson, forstöðumaður fyrirtækjasviðs

Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“, „móðurfélagsins“ eða „félagsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Nýherja hf., kennitala 530292-2079, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Nýherja“, „Nýherjasamstæðunnar“ eða „samstæðunnar“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til samstæðu Nýherja hf., kennitala 530292-2079, þ.e. til útgefanda og dótturfélaga hans, þegar textinn varðar núverandi rekstur, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Skammstöfunin „OMX ICE“ og hugtakið „kauphöll“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til OMX Nordic Exchange Iceland, sem rekið er af OMX AB, íslensk kennitala 681298-2829, nema annað megi skilja af samhengi textans. Orðalagið „skráning“ og „skráning á OMX ICE“ skal túlkað sem tilvísun til skráningar nýrra hluta útgefanda á OMX ICE, sem tekur hluti útgefanda til viðskipta, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Skammstöfunin „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun í „AppliCon“ og „AppliCon-samstæðuna“ skal túlkuð sem tilvísun til samstæðu AppliCon Holding ehf., kennitala 601005-1310, og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun í „TM Software“ og „TM Software-samstæðuna“ skal túlkuð sem tilvísun til TM Software hf., kennitala 440786-1119, og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „umsjónaraðili“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkað sem tilvísun til Sparisjóðs Mýrasýslu, kennitala 610269-5409, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Sparisjóðs Mýrasýslu“ og „SPM“ skal túlkuð sem tilvísun til Sparisjóðs Mýrasýslu, kennitala 610269-5409, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar fjallað er um fjölda starfsmanna í útgefandalýsingu þessari er í öllum tilfellum átt við fjölda stöðugilda innan þess fyrirtækis eða sviðs sem um er rætt, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Tilkynning til fjárfesta

Útgefandalýsing þessi hefur verið yfirfarin af OMX ICE fyrir hönd FME. Útgefandalýsingin er hluti af lýsingu sem útbúin er í tengslum við aukningu hlutafjár Nýherja hf., samfara kaupum á ráðandi eignarhlut í TM Software hf.

Hlutafjárukning fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, þar á meðal tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, 2003/71/EB, frá 4. nóvember 2003, um lýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa, sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt. Núverandi löggjöf og reglur eru hafðar til hliðsjónar við gerð þessarar útgefandalýsingar sem og reglur OMX ICE um slíkar lýsingar. Lýsingin er gefin út á íslensku.

Rafræn útgáfa lýsingarinnar er birt á heimasíðu útgefanda, www.nyherji.is, auk þess er hún aðgengileg á heimasíðu umsjónaraðila, www.spm.is, og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Útgefandalýsing þessi er gild í 12 mánuði frá útgáfudegi og aðgengi að henni verður tryggt í þann tíma. Eftirfarandi skjöl eru felld inn í útgefandalýsinguna með tilvísun, en skjölin eru aðgengileg á heimasíðu útgefanda www.nyherji.is: samþykktir útgefanda og endurskoðaðir samstæðuársreikningar útgefanda fyrir árin 2005, 2006 og 2007.

Sparisjóður Mýrasýslu vann að gerð útgefandalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal endurskoðuðum ársreikningum sem og upplýsingum sem teknar voru saman af ParX ehf.; dótturfélagi útgefanda. Þegar um upplýsingar frá þriðja aðila er að ræða er heimilda getið þegar við á.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér ítarlega skjöl er tilheyra lýsingunni. Fjárfestar eru hvattir til að skoða kafla um áhættu og skoða yfirlýsingar útgefanda, umsjónaraðila og endurskoðenda. Upplýsingar, sem fram koma í skjölum þessarar lýsingar, byggjast á gögnum á þeim tíma er lýsingin er unnin og geta breyst frá útgáfudegi lýsingarinnar. Fjárfestum er bent á að fylgjast með fréttum og tilkynningum sem kunna að birtast um útgefanda í fréttakerfi OMX ICE frá og með útgáfudegi útgefandalýsingar.

Ekki má skoða eða túlka útgefandalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingunni sem loforð um sérstakan árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda eða umsjónaraðila. Kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og er vert að hafa það í huga við mat á fjárfestingu. Því verða fjárfestar að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum Nýherja hf. Fjárfestum er bent á að útgefandi starfar á markaði sem einkennist af aukinni samkeppni. Hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga til aðstoðar við mat á hlutabréfum í Nýherja hf., svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum. Fjárfestum er ráðlagt að leita óháðrar ráðgjafar þegar skoðuð er lagaleg staða og skattaleg áhrif kaupa í hlutum útgefanda.

Félagið ber upplýsingaskyldu gagnvart OMX ICE í samræmi við gildandi löggjöf á Íslandi og reglur OMX ICE á hverjum tíma. Í samræmi við núgildandi reglur fyrir útgefendur verðbréfa í OMX ICE, sem tóku gildi 1. nóvember 2007, skal félagið kappkosta að birta opinberlega án

tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem það vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfa þess.

Ekki skal dreifa upplýsingum úr útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni eða senda í pósti til landa þar sem slíkt myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða stangast á við lög eða reglur þess lands sem í hlut á. Þá skal ekki senda þessa lýsingu, beint eða óbeint, með pósti eða öðrum aðferðum til Bandaríkjanna, og ekki heldur innan þeirra, Ástralíu, Kanada eða Japan, og er þá átt við faxsendingar, tölvupóst, símskeyti, símtöl og vefsíður (þessi upptalning er ekki tæmandi).

Skjöl til sýnis:

Á líftíma útgefandalýsingar þessarar verða eftirfarandi skjöl til sýnis á heimasíðu útgefanda, www.nyherji.is:

- Samþykktir Nýherja hf.
- Samstæðuársreikningar Nýherja hf. fyrir árin 2005, 2006 og 2007.

Valdar fjárhagsupplýsingar

Í töflu hér að neðan eru sýndar valdar fjárhagsupplýsingar úr samstæðuársreikningum Nýherja hf. fyrir árin 2004–2007 ásamt helstu kennitölum. Samstæðuársreikningar fyrir árin 2004–2007 voru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Frekari fjárhagsupplýsingar um Nýherja hf. og dótturfélög er að finna í kafla 9.

Rekstur í milljónum króna	2007	2006	2005	2004
Seldar vörur og þjónusta	11.301	8.646	6.293	5.470
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	(6.318)	(4.859)	(3.925)	(3.353)
Vergur hagnaður	4.983	3.787	2.368	2.117
Aðrar tekjur	54	39	23	20
Laun og launatengd gjöld	(3.295)	(2.408)	(1.635)	(1.418)
Annar rekstrarkostnaður	(1.036)	(736)	(524)	(450)
Afskriftir	(106)	(99)	(97)	(92)
Virðisryrnun viðskiptavildar	0	0	0	(71)
Rekstrarhagnaður	600	584	136	106
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(96)	(173)	(40)	(36)
Áhrif hlutdeildarfélaga	4	(6)	(2)	1
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	508	405	94	71
Tekjuskattur	(88)	(99)	(18)	(21)
Hagnaður (tap) ársins	420	306	76	50
Handbært fé (til) frá rekstri	156	186	240	155
Efnahagur í milljónum króna				
Fastafjármunir	2.364	2.052	1.807	1.201
Veltufjármunir	3.298	2.496	2.161	1.664
Tekjuskattsskuldbinding	70	62	53	59
Langtímaskuldir	1.111	1.279	780	601
Skammtímaskuldir	2.717	1.810	1.738	970
Eigið fé	1.764	1.397	1.397	1.234
Heildareignir	5.661	4.548	3.968	2.865
Lykiltölur				
Arðsemi eigin fjár	30,1%	23,4%	6,2%	4,1%
Hagnaður sem hlutfall af seldum vöru og þjónustu	3,7%	3,5%	1,2%	0,9%
Laun sem hlutfall af seldum vörum og þjónustu	29,2%	27,8%	26,0%	25,9%
Annar rekstr. sem hlutfall af seldum vörum og þjónustu	9,2%	8,5%	8,3%	8,2%
Veltufjárhlutfall	1,21	1,38	1,24	1,77
Eiginfjárhlutfall	31%	31%	35%	44%
Meðalföldi stöðugilda	446	337	292	264
Gengi hlutabréfa í árslok	23,2	15,4	13,8	10,2
Arður á hlut vegna árs, greiddur árið eftir	0,60	0,45	0,15	0,15

Almennar upplýsingar

Tilgangur Nýherja er, samkvæmt I. kafla samþykka félagsins, að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með þróun hugbúnaðar, sölu á tölvu- og skrifstofubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu. Auk þess fjárfestir það í skyldum rekstri. Markmið Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji hf. er eitt öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins og leggur ríka áherslu á persónulega og góða þjónustu.

Lögheiti:	Nýherji hf.
Kennitala:	530292-2079
Höfuðstöðvar:	Borgartúni 37, 108 Reykjavík, Ísland
Símanúmer:	+354 569 7000
Heimasíða:	www.nyherji.is
Netfang:	ver@nyherji.is
Lögform:	Hlutafélag, skráð og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög, nr. 2/1995
Heildarhlutafé:	235.000.000 hlutir, hver 1. kr. að nafnverði
Auðkenni hjá OMX ICE:	NYHR
ISIN-númer:	IS0000000396

6.1 Stofnun og saga

Frá stofnun hefur Nýherji hf. verið eitt öflugasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni. Stofnendur Nýherja hf. voru IBM í Danmörku, Draupnissjóðurinn, Vogun hf., Óli Kr. Sigurðsson og nokkrir stjórnendur IBM á Íslandi. Nýherji hf. hóf starfsemi sína þann 2. apríl 1992 með samruna IBM á Íslandi hf. og Skrifstofuvéla-Sunda hf.

Saga IBM á Íslandi hf. hófst með stofnun Skrifstofuvéla hf. árið 1946 en stofnandinn var Ottó A. Michelsen. Árið 1949 urðu Skrifstofuvélar hf. einkaumboðsaðili fyrir IBM hér á landi. IBM á Íslandi hf. var síðan stofnað sem sérstakt fyrirtæki í eigu IBM árið 1967. Skrifstofuvélar lögðu til helming af sínu starfsfólki og var Ottó A. Michelsen forstjóri fyrirtækisins allt til ársins 1982, þegar Gunnar M. Hansson tók við.

Árið 1987 keypti Gísli J. Johnsen-Skrifstofubúnaður sf. rekstur og lager Skrifstofuvéla hf. og var starfsemin sameinuð undir nafninu Skrifstofuvélar-Gísli J. Johnsen hf. Þar með var fyrirtækið orðið það langstærsta á sínu sviði hér á landi, með umboð fyrir mörg helstu fyrirtæki heims á sviði tölvu- og skrifstofubúnaðar. Árið 1990 komst fyrirtækið í eigu Óla Kr. Sigurðssonar og kallaðist Skrifstofuvélar-Sund hf. þar til það var sameinað IBM á Íslandi hf. við stofnun Nýherja hf.

Gunnar M. Hansson var forstjóri IBM á Íslandi frá 1982 og einnig forstjóri Nýherja hf. frá stofnun þess 2. apríl 1992 og þar til í maí 1996. Frosti Sigurjónsson tók við starfi forstjóra af Gunnari og gegndi því starfi næstu fimm árin. Þann 1. apríl 2001 tók Þórður Sverrisson við starfi forstjóra Nýherja hf. og hefur hann gegnt því starfi síðan.

Viðskipti með hlutabréf félagsins hófust á Opna tilboðsmarkaðinum 30. nóvember 1995 og á Verðbréfaþingi Íslands (nú OMX Nordic Exchange Iceland) 30. október 1997.

Nýtt húsnæði félagsins í Borgartúni 37 var tekið í notkun á árinu 2000 og hefur síðan hýst meginhluta af starfsemi félagsins.

Á árinu 2000 var dótturfélagið Klak ehf. stofnað til að nýta þá reynslu og þekkingu sem Nýherji hf. býr yfir í þágu sprotafyrirtækja á sviði upplýsingatækni. Þá var einnig stofnað dótturfyrirtækið SimDex ehf. til að halda utan um áframhaldandi þróun og sölu samskiptalausna móðurfélagsins.

Á árinu 2003 var allt hlutafé í Camson hf. keypt, en fyrirtækið var sérhæft í stafrænum búnaði fyrir útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn. Camson hf. var sameinað móðurfélaginu á árinu 2004. Þá var í árslok 2003 samið við IBM Nordic AB um kaup á ráðgjafarfyrirtækinu IBM Consulting Services á Íslandi. Nafni félagsins var breytt í ParX ehf. og veitir það innlendum og erlendum aðilum viðskiptaráðgjöf.

Í tengslum við aukin erlend verkefni á sviði SAP-hugbúnaðar, í takt við útrás innlendra fyrirtækja, var dótturfélagið Nýherji A/S í Danmörku stofnað árið 2004.

Í október 2005 var undirritaður samningur um kaup á danska SAP-ráðgjafarfyrirtækinu AppliCon A/S í Kaupmannahöfn. Með því var stigið stórt skref í þá átt að styrkja sóknina sem hafin var á erlenda markaði með lausnum tengdum SAP. Í dag er AppliCon-samstæðan með starfsemi á Íslandi, í Danmörku, á Bretlandi og í Svíþjóð.

Á árinu 2006 var allt hlutafé í Tölvusmiðjunni ehf. á Austurlandi keypt og var það liður í því að styrkja starfsemi Nýherja hf. í þeim landsfjórðungi. Starfsemin var aðallega fólgin í rekstrarþjónustu, hýsingu og notendapjónustu á sviði upplýsingatækni en félagið hefur nú verið sameinað móðurfélaginu.

Í mars 2007 var gerður samningur um kaup á öllu hlutafé í Link ehf., sem er umboðs- og dreifingaraðili fyrir Sony, Panasonic og fleiri þekkt vörumerki. Í september 2007 gerði Linkur ehf. samning um kaup á rekstri Sony Center í Kringlunni. Þá var í maí á sama ári keypt allt hlutafé í danska félaginu DanSupport A/S, en félagið er þjónustufyrirtæki sérhæft í uppsetningu á tölvu-, samskipta- og símkerfum fyrir meðalstór fyrirtæki, með starfsemi í Óðinsvéum, í Kolding og í Kaupmannahöfn.

Í júní 2007 opnaði Nýherji verslunina Sense í Hlíðarsmára í Kópavogi þar sem seldar eru mynd- og hljóðlausnir fyrir heimili og fyrirtæki.

Í október 2007 var samið um kaup á ráðandi eignarhlut í upplýsingafyrirtækinu TM Software hf. en það félag er í forystu héraðs á sviði hýsingar og sértækra hugbúnaðarlausna og eru mörg af stærri fyrirtækjum landsins meðal viðskiptavina. Með kaupunum styrkir Nýherji hf. stöðu sína hér á landi umtalsvert sem alhliða upplýsingatæknifyrirtæki. Dótturfélög TM Software hf. eru Skygggnir, Origo, Vigor, eMR og ITP. Fjöldi starfsmanna er um 230 og velta á árinu 2007 um 2,5 ma.kr.

Í lok janúar 2008 var gengið frá kaupum dótturfélags Nýherja, AppliCon AB, á öllum hlutabréfum í sænska félaginu Marquardt & Partners AB. Félagið er ráðgjafarfyrtæki á sviði upplýsingatækni og sérhæfir sig í innleiðingu hugbúnaðar, ráðgjöf og þjónustu við fjármálafyrirtæki.

6.2 Hlutfé og hluthafar

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 235 m.kr. og skiptist í jafnmarga hluti. Á aðalfundi félagsins hinn 26. janúar 2007 var hlutfé lækkað úr 248 m.kr. eða um 13 m.kr. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði um 9 m.kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé. Virkir hlutir í lok árs 2007 námu um 226 m.kr. og eru allir greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allir hlutir tilheyra sama flokki og ekki er munur á atkvæðisrétti og eignarhlut í félaginu. Hluthafar hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína.

Á aðalfundi félagsins 26. janúar 2007 var samþykkt heimild til stjórnar félagsins að hækka hlutfé þess um allt að 36 m.kr. að nafnverði með sölu nýrra hluta. Jafnframt féllu hluthafar frá forkaupsrétti sínum, en stjórn félagsins mun ákveða útboðsgengi bréfanna og sölureglur hverju sinni. Stjórn félagsins hefur heimild til þess að kaupa allt að 10% af nafnverði hlutafjár, enda sé kaupverð ekki meira en 20% hærra eða lægra en síðasta skráð gengi í OMX ICE.

Á aðalfundi 25. janúar 2008 var samþykkt heimild til stjórnar um að auka hlutfé um allt að 65 milljónir vegna kaupa á TM Software hf. Þar af ganga allt að 25 milljónir hlutir sem greiðsla til hluthafa í TM Software. Þá verður starfsmönnum Nýherjasamstæðunnar boðið að kaupa tvær milljónir hluta.

Tuttugu stærstu hluthafar Nýherja hf. í lok dags hinn 13. mars 2008 og eignarhlutir þeirra koma fram í töflu hér að aftan. Heildarfjöldi hluthafa var 254 og eigin hlutir voru 9.365.080 talsins. Eignarhlutur tíu stærstu hluthafa nam 82,3% af heildarhlutfé en þar á meðal voru eigin hlutir félagsins 3,99% af heildarhlutfé. Eignarhlutur fimm stærstu hluthafa nam 66,1% af heildarhlutfé en 68,9% ef miðað er við virka hluti.

Nafn hluthafa	Hlutfallseign	Fjöldi hluta	Kennitala
1. Vogun hf.	28,84%	67.774.000	660991-1669
2. Áning-fjárfestingar ehf.	13,91%	32.683.954	620202-3550
3. Benedikt Jóhannesson	9,27%	21.773.240	040555-2699
4. Gildruklettur ehf.	8,91%	20.935.129	411104-3890
5. Fiskveiðahlutafélagið Venus	5,19%	12.201.200	680269-6029
6. Nýherji hf.	3,99%	9.365.080	530292-2079
7. Benedikt Sveinsson	3,96%	9.303.213	310738-3879
8. Den Danske Bank A/S	3,64%	8.548.600	660791-6989
9. Audur Invest Holding SA	2,34%	5.487.765	620101-9150
10. Þórður Sverrisson	2,25%	5.289.887	240452-3169
11. Hólmur ehf.	2,14%	5.020.000	630169-7559
12. Jafet Ólafsson	2,08%	4.890.837	290451-4699
13. Vigdís Jónsdóttir	1,77%	4.150.000	110355-2979
14. Hrómundur ehf.	1,09%	2.557.871	491188-2519
15. Nordea Bank Danmark AS	0,91%	2.132.888	660791-7609
16. Arngrímur Arngrímsson	0,89%	2.100.000	070141-3459
17. Hörður Sigurgestsson	0,74%	1.733.710	020638-2659
18. Talnakönnun hf.	0,62%	1.465.000	540185-0509
19. Ingimundur Sveinsson	0,56%	1.320.000	210442-2869
20. Hjalti Geir Kristjánsson	0,56%	1.320.000	210826-4679
Aðrir	6,36%	14.947.626	
Samtals	100,00%	235.000.000	

Skipulag og starfsemi

Nýherji er markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki á sviði upplýsingatækni og ráðgjafar. Félagið er eitt öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins með víðtækt framboð af vörum, þjónustu og lausnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Fram til ársins 2005 starfaði félagið eingöngu á Íslandi. Þá var mótuð stefna um að starfsvettvangur félagsins yrðu valdir markaðir í Norður-Evrópu. Jafnframt var ákveðið að félagið myndi fylgja eftir íslenskum fyrirtækjum sem starfa í helstu nágrannalöndum til að auka þá þjónustu sem hægt er að veita stækkandi hópi fyrirtækja sem starfa á erlendum vettvangi. Í samræmi við þessa stefnu hefur félagið haslað sér völl í Danmörku, Bretlandi og Svíþjóð í gegnum dótturfélög.

Stöðugt stærri hluti tekna Nýherja byggist á langtímasamningum, svo sem við innleiðingu á hugbúnaðarlausnum og þjónustusamningum, auk þess sem starfsemi félagsins erlendis fer vaxandi.

Umtalsverður hluti starfseminnar er í dótturfélögum og félögum þeim tengdum, bæði hér á landi og erlendis, og hefur sú starfsemi færest í vöxt á síðustu árum. Velta dótturfélaga var um 37% af heildarveltu samstæðunnar á árinu 2007. Þá hefur hlutfall þjónustutekna af heildartekjum hækkað mikið á síðustu árum og var hlutfallið um 44% á árinu 2007 og er gert ráð fyrir að hlutfallið geti numið um 55% á árinu 2008.

Hér að neðan gefur að líta yfirlit um tekjuskapandi rekstrareiningar innan Nýherjasamstæðunnar, land þar sem starfsemi fer fram, nafn forstjóra/framkvæmdastjóra og fjölda stöðugilda innan viðkomandi einingar.

Félög innan samstæðunnar	Land	Forstjóri/ framkvæmdastjóri	Stöðu- gildi
Nýherji hf.	Ísland	Þórður Sverrisson	225
Dansupport A/S	Danmörk	Þorvaldur Jacobsen	45
ParX ehf.	Ísland	Þorsteinn Þorsteinsson	22
SimDex ehf.	Ísland	Agnar Jón Ágústsson	6
Linkur ehf.	Ísland	Pétur Steingrímsson	7
Klak ehf.	Ísland	Eyþór Ívar Jónsson	1
Applicon Holding ehf.			
AppliCon A/S	Danmörk	Martin Nørballe	82
AppliCon ehf.	Ísland	Kristján Jóhannsson	77
AppliCon A/B	Svíþjóð	Arne Nabseth	32
AppliCon Solutions Ltd.	Bretland	Ingimar G. Bjarnason	9
AppliCon Solutions A/S	Danmörk	Christian Bruun	3
TM Software hf.	Ísland	Ágúst Einarsson	15
Skyggnir ehf.	Ísland	Sigurður Þórarinnsson	120
Origo ehf.	Ísland	Stefán Þór Stefánsson	45
Vigor ehf.	Ísland	Sigurður Bergsveinsson	30
eMR-hugbúnaður ehf.	Ísland	Hákon Sigurhansson	16
ITP ehf.	Ísland	Sigurður Þórarinnsson	5

7.1 Skipulag móðurfélags


Í febrúar 2005 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á stjórnskipulagi móðurfélagsins. Starfseminni var skipt upp í þrjú afkomusvið, kjarnalausnir, notendalausnir og hugbúnaðarlausnir, en ábyrgð á viðskiptatengslum og samræmdri sölustarfsemi var sett undir sölusvið, sem rekið er sem kostnaðarstöð. Við kaupin á AppliCon A/S í Danmörku í október á sama ári var hugbúnaðarlausnasvið sett í nýtt félag, AppliCon ehf. Tilgangur endurskipulagningar hjá Nýherja var m.a. að efla viðskiptatengsl og sölu fyrirtækisins sem og að einfalda aðgengi viðskiptavina að þjónustu þess. Stoðdeildir eru nú þrjár.

Auk forstjóra skipa framkvæmdastjórar kjarnalausna og notendalausna framkvæmdastjórn félagsins. Þá er framkvæmdastjóri yfir sölusviði sem rekið er sem kostnaðarstöð og framkvæmdastjóri yfir viðskiptaþróunarviði sem rekið er sem stoðsvið. Viðskiptaþróunarvið kemur m.a. að þróun ytri vaxtar félagsins, en það svið var stofnsett í apríl 2006. Fjármálastjóri er yfir fjármálasviði og starfsmannastjóri yfir starfsmannasviði, en þau svið eru stoðsvið.

Á kjarnalausna- og notendalausnasviðum starfa 16 vörustjórar. Hver vörustjóri hefur yfirumsjón með ákveðnum vöruflokki sem tilheyrir ákveðnu lausnasviði. Hlutverk vörustjóra er annars vegar að tryggja að á boðstólum séu vörur og lausnir sem uppfylla þarfir markaðarins og hins vegar að tryggja að sem best afkoma sé af þeim vörum og þjónustu sem hann er ábyrgur fyrir. Viðskiptastjórar á sölusviði sjá um að halda utan um viðskiptatengsl við stærstu viðskiptavinini félagsins.

Nánar er fjallað um starfsemi innan sviða móðurfélagsins undir lið 7.2.

Dótturfélög eru rekin sem sjálfstæðar einingar en innlend dótturfélög fá ríka stoðþjónustu frá móðurfélagi. Umfjöllun um starfsemi og skipulag dótturfélaga er að finna undir lið 7.3.



Sölusvið

Sölusvið er ábyrgt fyrir sölu og samskiptum við viðskiptavinum fyrirtækisins, en það er skipað viðskiptastjórum og söluráðgjöfum með breiða þekkingu á vörum Nýherja, auk þess sem þjónustuver fyrirtækisins sinnir símsvörum og öðrum þjónustupáttum.

Kjarnalausnir

Kjarnalausnir Nýherja annast þjónustu og vörustjórn fyrir netþjóna og samskiptabúnað og bjóða einnig hýsingu í gegnum Umsjá Nýherja.

Notendalausnir


Notendalausnir Nýherja veita þjónustu og annast vörustjórnun fyrir PC-tölvur, prentara, stafrænar myndavélar, hljóð- og myndlausnir, prentsmiðjulausnir o.fl. Jafnframt er notendaþjónusta við fyrrgreindan búnað innan notendalausna.

Stoðdeildir

Auk ofangreindra sviða eru reknar þrjár stoðdeildir, fjármáladeild, starfsmannaþjónusta og viðskiptaþróun, þjónustu og sem veita öðrum deildum þjónustu og samhæfa rekstrarþætti sviða og dótturfélaga Nýherja.

7.2 Starfsemi

Eins og fram hefur komið hefur vöxtur Nýherjasamstæðunnar verið mikill á liðnum árum. Velta hefur að jafnaði aukist um rúm 25% á ári frá árinu 2003 og starfsmönnum hefur fjölgað, að jafnaði, um tæp 17% á ári. Aukning í veltu samstæðunnar milli árána 2005 og 2006 skýrist að hluta af kaupum á danska SAP-félaginu AppliCon A/S. Hér að aftan gefur að líta þróun veltu samstæðunnar frá árinu 2003 og þróun í meðalfjölda stöðugilda.



Kjarnalausnir

Kjarnalausnir bjóða lausnir sem tengjast uppsetningu og rekstri á miðlægum búnaði fyrirtækja ásamt samskiptalausnum. Lausnarmengið skiptist í tvo meginflokka, annars vegar það sem nefnt er „Bestun upplýsingakerfa“ (e. IT Optimization) og hins vegar „Samþætting samskiptakerfa“ (e. Unified Communication).

Tekjur sviðsins hafa vaxið umtalsvert og jókst velta ársins 2007 um 21% frá fyrra ári, en aukningin var um 33% milli árunna 2005 og 2006. Velta kjarnalausna nam um 3.300 m.kr. á árinu 2007.

Bestun upplýsingakerfa snýst um að byggja upp miðlæga innviði fyrirtækja sem gerir þeim kleift að tryggja rekstraröryggi, auka hagkvæmni í rekstri og utanumhaldi og hafa þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til að takast á við breytingar í viðskiptaumhverfi. Meðal verkefna má nefna uppbyggingu á tölvusölum hjá stærstu fyrirtækjum landsins þar sem miðlægt tölvuumhverfi hefur verið einfaldað með því að fækka einingum, en á sama tíma hefur það verið eflt og þannig aukið öryggi og hagkvæmni í rekstri. Lausnir snúast einnig um hönnun og uppbyggingu í gagnageymslu þar sem tekið er mið af utanumhaldi og umsýslu stórra gagnageymslna með tilliti til öryggisatriða og lagalegra þátta sem snerta geymslu upplýsinga. Enn fremur má nefna samþættingu upplýsingakerfa með SOA (Services Oriented Architecture) en sú aðferð auðveldar innleiðingu ólíkra kerfa sem geta unnið saman og á þann hátt tengt einstaka viðskiptaferla upplýsingatæknifyrirtækja.

Vörur sem tengjast Bestun upplýsingakerfa eru: allir miðlarar frá IBM s.s. xSeries, pSeries, iSeries og zSeries, gagnageymslulausnir frá IBM, hugbúnaður frá IBM s.s. Tivoli og WebSphere, hugbúnaður frá Microsoft auk kerfislausna frá APC og Avocent.

Samþætting samskiptakerfa eru lausnir sem einfalda samskipti starfsmanna, spara tíma og bæta þjónustu inn á við og út á við. Meðal verkefna má nefna uppsetningu á IP-símlausnum sem lækka fjarskiptakostnað og gera fyrirtækjum kleift að tengja saman símkerfi, tölvupóst og farsíma þannig að um eina heildstæða samskiptalausn verði að ræða. Lausnirnar gera starfsfólki kleift að auka framleiðni og bæta þjónustu við viðskiptavinum sína en á sama tíma að stýra samskiptunum með þeim hætti að þeir hafi vinnufrið. Með því að tengja saman fjarfundalausnir og vefgáttir má búa til samvinnulausnir sem gera fólki kleift að vinna saman að verkefnum óháð staðsetningu og bæta upplýsingaflæði til starfsmanna eða starfsstöðva.

Vörur sem tengjast samþættingu samskiptakerfa eru: IP-símkerfi frá Avaya, netlausnir frá Cisco, fjarfundalausnir frá Polycom, samvinnulausnir frá Microsoft, svo sem Exchange, Sharepoint og CRM, og samvinnulausnir frá IBM, svo sem Lotus Notes, Workplace og Portal.

Umsjá Nýherja veitir fyrirtækjum og stofnunum hýsingar- og rekstrarþjónustu. Umsjá annast rekstur og tölvukerfa viðskiptavina og þjónustu við starfsmenn þeirra í gegnum þjónustuborð.

Innan kjarnalausna starfa sérfræðingar sem búa yfir mikilli tækni- og sérfræðiþekkingu á vélbúnaði frá IBM, samskiptabúnaði frá Avaya og Cisco, Microsoft-hugbúnaði, IBM-hugbúnaði, APC-varaafgjöfum og á rekstri tölvukerfa. Þjónustuferlar kjarnalausna byggja á ITIL, sem er safn viðurkenndra ferla sem tækniþjónusta byggist á. Tólf vottaðir ITIL sérfræðingar störfuðu sviðinu í árslok 2007. Þá hefur nýlega verið tekið upp hjá Nýherja PRINCE2 verkefnastjórnunarkerfið.

Á meðal stærstu viðskiptavina eru Landsbankinn, Reiknistofa bankanna, OR, LSH, Decode, Reykjavíkurborg, Actavis og CCP. Meðalfjöldi starfsmanna kjarnalausna var um 66 á árinu 2007 og framkvæmdastjóri er Þorvaldur Jacobsen.

Notendalausnir

Á sviði notendalausna fer fram markaðssetning, tækniþjónusta og vörustjórnun á fjölbættum notendabúnaði. Má þar nefna einmenningstölvur, fjölnota prentbúnað, prentsmiðjulausnir, hljóð- og myndlausnir, afgreiðslukerfi, myndavélar og hraðbanka, auk fylgihluta og rekstrarvara. Auk framkvæmdastjóra starfa átta vörustjórar á sviðinu og sjá þeir um ofangreinda vöruflokka.

Góður vöxtur hefur verið í tekjum sviðsins og var velta ársins 2007 um 26% hærri en á fyrra ári, samanborið við um 15% aukningu milli árána 2005 og 2006. Velta sviðsins á árinu 2007 nam um 3.700 m.kr.

Í júní 2007 var hljóð- og myndlausnadeild færð undir nýja einingu sem fékk nafnið Sense og hefur hún aðsetur í Hlíðarsmára í Kópavogi. Sense býður upp á úrval mynd- og hljóðlausna fyrir heimili sem og stafræna stýringu hita-, ljósa- og öryggiskerfa heimila. Þá er og boðið upp á sértækar hljóð- og myndlausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir. Stærstur hluti tekna kemur frá fyrirtækjasviði. Helstu vörumerki sem boðið er upp á eru Bose- og Artcoustic-hljóðbúnaður, Sony-myndbúnaður og Crestron-stjórnkerfi.

Þjónusta við einkatölvur, prentara, ljósritunarvélar og annan skrifstofubúnað er í höndum notendapjónustu Nýherja sem rekur eitt stærsta verkstæði landsins á sviði tölvu- og skrifstofutækni. Starfrækt er tækjaleiga sem leigir út búnað og sér um tæknilega framkvæmd ýmiss konar atburða, svo sem ráðstefna, funda og mannfagnaða af öllum stærðum og gerðum.

Nýherji hefur lengi verið leiðandi hér á landi í sölu prentlausna til fyrirtækja, stofnana og skóla. „Rent A Prent“ er alhliða lausn sem þróuð hefur verið á undanförunum árum þar sem viðskiptavinum býðst að leigja viðkomandi búnað af Nýherja sem sér um allan rekstur og þjónustu m.a. með sólarhrings fjarvöktun.

Nýherji tók á árinu 2002 við umboði fyrir Heidelberg-prentvélar, frágangsvélar og tengdan búnað fyrir prentsmiðjur. Auk Heidelberg hefur Nýherji umboð fyrir Polar-skurðarhnífa og fleiri þekkt vörumerki í prentiðnaðinum.

Á árinu 2004 keypti kínverska fyrirtækið Lenovo borð- og fartölvudeild IBM. Nýherji býður upp á ThinkPad- og ThinkCentre-einmenningstölvur frá Lenovo. Fyrirtækið hefur haldið áfram öfluglu þróunarstarfi IBM og kemur reglulega fram með nýjungar í framleiðslu sinni. Sala á einmenningstölvum er mikilvægur þáttur í starfi notendalausna og hefur hlutur Nýherja á þeim markaði farið vaxandi.

Nýherji tók við Canon-umboðinu í heild sinni á árinu 2005, en hafði áður verið með stóran hluta þess. Félagið selur, þjónustar og dreifir myndavélum, linsum, fjölnota prentbúnaði, fylgihlutum og nauðsynlegum rekstrarvörum frá þeim framleiðanda.

Fyrsta sjálfsafgreiðslukerfi landsins var sett upp á árinu 2007 í matvöruverslun Krónunnar að Bíldshöfða og eru fleiri slíkar uppsetningar fyrirhugaðar á árinu 2008.

Meðalfjöldi starfsmanna var um 53 á árinu 2007 og framkvæmdastjóri er Erling Ásgeirsson.

Sölusvið

Sölusvið er ábyrgt fyrir viðskiptatengslum og sölu til viðskiptavina. Það hefur á að skipa viðskiptastjórum og söluráðgjöfum sem hafa víðtæka þekkingu á vörum og þjónustu Nýherja og annast auk þess rekstur verslana og þjónustuvers.

Viðskiptastjórar eru ábyrgir fyrir viðskiptatengslum við 50 stærstu viðskiptavinum Nýherja. Þeir vinna náið með vörustjórum innan Nýherja og deildarstjórum þjónustudeilda um að móta lausnir og veita þjónustu byggða á vörum og tækni helstu birgja. Söluráðgjafar veita víðtæka söluráðgjöf við val á tæknilausnum auk þess að sinna fjölpættum þörfum viðskiptavina, en söluráðgjafar vinna með 250 stærstu viðskiptavinunum. Sérstök áhersla er lögð á fræðslu söluráðgjafa með það að markmiði að þeir geti metið sem best þarfir viðskiptavina.

Á meðal helstu viðskiptavina eru opinberar stofnanir, sveitarfélög og stærstu fyrirtæki landsins, t.d. stóru viðskiptabankarnir.

Þjónustuver Nýherja sér m.a. um að taka á móti verkbeiðnum viðskiptavina og annast símsvörun.

Í Borgartúni í Reykjavík er rekin verslun þar sem seldur er ýmis notendabúnaður, aðallega til fyrirtækja og stofnana, og á Akureyri er rekin sölu- og þjónustuskrifstofa sem var opnuð á árinu 2006.

Nýherji selur búnað til margra af stærri söluaðilum á innlendum markaði fyrir upplýsingatæknibúnað og stafrænan búnað og má sérstaklega nefna vörur og lausnir frá Lenovo og Canon í því sambandi.

Meðalfjöldi starfsmanna sviðsins var um 49 á árinu 2007 og framkvæmdastjóri er Emil G. Einarsson.

7.3 Dótturfélög

Dótturfélög eru félög sem Nýherji hf. hefur yfirtáð yfir. Yfirtáð felast í því að félagið hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirtáðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Hluthall atkvæðisréttar í dótturfélögum er í samræmi við eignarhlut Nýherja hf. í viðkomandi félagi.

Vaxandi hluti af starfsemi Nýherjasamstæðunnar er í dótturfélögum. Á árinu 2007 störfuðu um 54% starfsmanna samstæðunnar hjá dótturfélögum Nýherja og þar lágu um 37% af veltunni. Hér að neðan eru talin upp dótturfélög Nýherja, sem eru nú sjö. Tölvusmiðjan ehf. verður sameinuð rekstri móðurfélagsins frá og með síðustu áramótum en félagið er að fullu í eigu Nýherja.

Dótturfélög:	Land	Starfsemi	Eignarhlutur	Fjöldi félaga í eigu dótturfélags
AppliCon Holding ehf.	Ísland	Ráðgjafar- og hugbúnaðarstarfsemi	97%	6
TM Software hf.	Ísland	Hýsing og sértækar hugbúnaðarlausnir	93%	5
ParX ehf.	Ísland	Rekstrarráðgjöf og rannsóknir	100%	0
Klak ehf.	Ísland	Nýsköpunarmiðstöð	79%	0
Simdex ehf.	Ísland	Fyrirframgreidda rafræna þjónustu	100%	0
Linkur ehf.	Ísland	Innflutningur, heildsala og smásala	100%	0
Dansupport A/S	Danmörk	Tækni- og þjónustustarfsemi	100%	0

AppliCon Holding ehf.

AppliCon Holding ehf. er eignarhaldsfélag um eignarhluti Nýherja í AppliCon félögunum sem fjallað er um hér á eftir.

Hinn 3. október árið 2005 var gerður samningur um kaup Nýherja hf. á öllu hlutafé í *AppliCon A/S* í Danmörku og nam kaupverðið um 765 m.kr. AppliCon A/S er einn stærsti samstarfsaðili SAP í Danmörku og eitt af öflugri SAP-ráðgjafarfyrirtækjum þar í landi, en félagið var stofnað árið 1998. Kaupin voru liður í því að styðja betur við þá starfsemi sem tengdist erlendum verkefnum hugbúnaðarsviðs Nýherja á sviði SAP-lausna, einkum fyrir íslensk útrásarfyrirtæki, og skapa forsendur fyrir frekari sölu SAP- og Microsoft-lausna á erlendum mörkuðum. Fjöldi stöðugilda er 82 og framkvæmdastjóri er Martin Nørballe.

Samhliða kaupunum á danska félaginu var stofnað sérstakt félag um starfsemi hugbúnaðarlausna Nýherja hér á landi í október 2005 undir nafninu *AppliCon ehf.* Starfsemi félagsins er einkum fólgin í ráðgjöf, þróun og sölu á SAP- og Microsoft-lausnum. AppliCon ehf. hefur tvívegis verið kosið *Fyrirmyndarfyrirtæki ársins* í könnun sem VR gerir meðal starfsmanna. Árið 2006 vermdi AppliCon þriðja sætið á lista yfir stærri fyrirtæki, þ.e. með fleiri en 50 starfsmenn, og árið 2007 var AppliCon í fyrsta sæti á sama lista. Fjöldi stöðugilda er 77 og framkvæmdastjóri er Kristján Jóhannsson.

Með þátttöku ráðgjafa frá AppliCon A/S í verkefnum fyrir íslensk fyrirtæki, og með starfi íslenskra ráðgjafa í Danmörku, næst að samnýta viðtæka þekkingu og reynslu ráðgjafa og veita þannig betri þjónustu. Sameinað fyrirtæki er jafnframt betur í stakk búið til að takast á við stærri og flóknari verkefni heima og erlendis.

Aðgangur AppliCon A/S að danska markaðnum hefur skapað sölutækifæri fyrir lausnir AppliCon þar í landi og sama gildir um aðrar starfsstöðvar fyrirtækisins. Lausnir AppliCon ehf. eru sérsniðnar að þörfum ákveðinna atvinnugreina eða fagsviða og byggðar á SAP- og Microsoft-tækni. Sex slíkar lausnir hafa verið þróaðar fyrir viðskiptabankastarfsemi og líftryggingastarfsemi, auk launakerfa, sjávarútvegskerfa, mannauðskerfa og sérhæfðs veiðiferðakerfis fyrir útgerðarfyrirtæki.

Á árinu 2006 var starfsemi erlendis eflað frekar með stofnun *AppliCon Solutions Ltd.* í Bretlandi og *AppliCon AB* í Svíþjóð. Þau sérhæfa sig í að veita SAP-ráðgjafarþjónustu, einkum með áherslu á fjármálafyrirtæki. Fjöldi stöðugilda í AppliCon Solutions Ltd. er níu og fjöldi stöðugilda í AppliCon AB er 32 eftir kaupin á Marquardt & Partners AB sem er fjallað um hér að aftan.

Það er megin stefna AppliCon fyrirtækjanna að veita fyrirtækjum í fjármálatengdri starfsemi þjónustu á sviði hugbúnaðarlausna.

Nú er AppliCon-samstæðan í fremstu röð meðal SAP-ráðgjafarfyrirtækja á Norðurlöndum og í október 2007 hlutu AppliCon ehf. og AppliCon A/S gullvottun SAP, en aðeins tveir aðrir, af um 30 samstarfsaðilum SAP á Norðurlöndum, hafa hlotið slíka viðurkenningu.

Hjá AppliCon-fyrirtækjunum starfar hópur vel menntaðs fólks með mikla reynslu af störfum í fjölmörgum atvinnugreinum. Ráðgjafar AppliCon hafa auk þess mikla reynslu á sviði upplýsingatækni og þekkja vel lausnaframboð fyrirtækjanna og geta því veitt viðskiptavinum vandaða og áreiðanlega ráðgjöf um innleiðingu upplýsingatækni og hagræðingu í verkferlum.

Helstu viðskiptavinir AppliCon A/S eru stór fyrirtæki á danska markaðnum. Á árinu 2007 voru eftirtalin fyrirtæki í hópi stærstu viðskiptavina: Veitufyrirtækið DONG Energy, verkfræðiráðgjafarfyrirtækið Birch & Krogboe, Skandinavisk Tobak, fataframleiðandinn IC Company og KMD sem annast upplýsingatækniþjónustu fyrir dönsk sveitarfélög. AppliCon A/S hefur þróað öfluga lausn í SAP fyrir þjónustufyrirtæki.

Á Íslandi eru viðskiptavinir AppliCon einnig í hópi stærri fyrirtækja landsins. Á árinu 2007 var unnið að innleiðingu SAP- og Microsoft-lausna á helstu starfsstöðvum Kaupþings og unnið var að ýmsum SAP-verkefnum á sviði fjárhagslausna fyrir Glitni, Samskip, Símann og Akureyrarbæ. SAP-bankalausnaverkefni voru unnin fyrir Askar Capital og Avant. Einnig má nefna ýmis Microsoft-verkefni fyrir Nova, N1 og Marel.

Applicon Solutions A/S í Danmörku hefur sérhæft sig í að þróa lausnir sem einfalda innleiðingu og viðhald SAP-kerfa.

Fjöldi stöðugilda innan AppliCon-samstæðunnar er 203 og velta á árinu 2007 var 3.044 m.kr. Umtalsverðum fjármunum var varið til uppbyggingar AppliCon á árinu 2007 sem voru gjaldfærðir á árinu.

Í lok janúar 2008 var gengið frá kaupum AppliCon AB á öllum hlutabréfum í sænska félaginu Marquardt & Partners AB. Félagið er ráðgjafarfyrirtæki á sviði upplýsingatækni og sérhæfir sig í innleiðingu hugbúnaðar, ráðgjöf og þjónustu við fjármálafyrirtæki. Marquardt & Partners AB var stofnað árið 1995 og er með aðsetur í Stokkhólmi. Þar starfa yfir 20 ráðgjafar með þekkingu og reynslu á hugbúnaðarlausnum frá Calypso og SunGard Front Arena. Í kjölfar kaupanna verður starfsemi Marquardt & Partners AB og AppliCon AB sameinuð undir merkjum þess síðarnefnda. Framkvæmdastjóri er Arne Nabseth.

Hér að aftan er yfirlit um helstu þætti er lúta að eignarhaldi, eiginfjárstöðu, afkomu og arðgreiðslum í tveimur stærstu félögum innan AppliCon samstæðunnar; AppliCon ehf. og AppliCon A/S.

Nafn félags	AppiCon ehf.	AppliCon A/S
Starfsvið	Ráðgjöf og hugbúnaðargerð	Ráðgjöf og hugbúnaðargerð
Eignarhlutur AppliCon Holding ehf.	100%	100%
Útgefið hlutafé	30.000.000	6.449.652
Lögbundin varasjóður og óráðstafað eigið fé	121.816.456	202.161.180
Hagnaður ársins 2007 eftir skatta	112.739.345	97.086.944
Greiddur arður á árinu 2007 vegna ársins 2006	90.000.000	58.867.500
* Ógreitt vegna stofnunar/kaupa á félagi	0	406.545.300
Höfuðstöðvar	Borgartúni 37, 105 Reykjavík, Ísland	Sankt Knuts Vej 41, DK 1903 Frederiksberg C, Danmörk

* Ekki er um neinar lánveitingar að ræða á milli þessara aðila og útgefanda fyrir utan veitta gjaldfresti vegna kaupa og sölu á vörum og þjónustu í venjubundnum viðskiptum.

TM Software hf.

Í október 2007 samdi Nýherji hf. um kaup á 77% af hlutafé í upplýsingatæknifyrirtækinu TM Software hf. af Straumi-Burðarás Fjárfestingarbanka hf., FL Group hf. og Tryggingamiðstöðinni hf. Jafnframt var öðrum hluthöfum boðið að selja eignarhlut sinn á sömu kjörum og fyrrgreindir hluthafar. Markmiðið með kaupunum er að styrkja stöðu Nýherja-samstæðunnar á sviði rekstrarþjónustu, hýsingar og þróunar sérhæfðra hugbúnaðarlausna fyrir fyrirtæki. Framkvæmd var áreiðanleikakönnun á TM Software samstæðunni af KPMG og Logos í tengslum við kaupin. Hinn 28. janúar 2008 var endanlega gengið frá kaupum á 59,4% hlut Straums í TM Software og jafnframt hefur verið gengið frá kaupum Nýherja á hlut FL Group og Tryggingamiðstöðvarinnar. Eignarhluti Nýherja í TM Software er 92,5% á útgáfudegi lýsingarinnar.

Kaupin miðast við að heildarverð hlutafjár í TM Software sé 1.406 m.kr. Hluti af kaupverði er greiddur með bréfum í Nýherja, eða 15.902.553 hlutir á genginu 22, samtals 350 m.kr. Það sem eftir stendur af kaupverði er fjármagnað með nýju langtímaláni að fjárhæð 400 m.kr. og sölu á nýju hlutafé í útgefanda til núverandi hluthafa og starfsmanna samstæðunnar. Kaup Nýherja hf. á ráðandi hlut í TM Software hf. hafa verið samþykkt án fyrirvara af Samkeppniseftirlitinu.

TM Software-samstæðan er í forystu héraðs á sviði hýsingar og sértækra hugbúnaðarlausna og eru mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins á meðal viðskiptavina fyrirtækisins. Tekjur TM Software af þeim rekstri er Nýherji kaupir voru um 2.384 m.kr. á árinu 2007, EBITDA um 189 m.kr. og er fjöldi starfsmanna um 230 (Theriak Medication Management ekki meðtalið eins og fram kemur í umfjöllun um eMR-hugbúnað ehf. hér að aftan og í lið 9.5 um pro forma fjárhagsupplýsingar). Forstjóri TM Software hf. er Ágúst Einarsson og hefur hann gegnt þeirri stöðu frá ársbyrjun 2007.

TM Software var stofnað á Íslandi árið 1986. Í upphafi hét félagið TölvuMyndir en nafninu var formlega breytt í TM Software í byrjun árs 2005. Hjá móðurfélaginu starfa um 15 manns, en móðurfélagið sinnir fyrst og fremst stoðþjónustu við dótturfélag. Í desember 2005 var gerður húsaleigusamningur vegna Urðarhvarfs 6 í Kópavogi og tók samningurinn gildi í desember 2007. Samningurinn er til 20 ára. Megin hluti starfsemi samstæðunnar hefur verið fluttur að Urðarhvarfi, en einnig er rekin starfsstöð á Akureyri og kerfissalur að Hlíðarsmára í Kópavogi.

Kaup Nýherja á TM Software hf. er mikilvægur áfangi í því að styrkja stöðu Nýherjasamstæðunnar sem lausna- og þjónustufyrirtækis og verður yfir helmingur tekna sameinaðs félags af hugbúnaðar- og þjónustustarfsemi.

Maritech International AS var selt í byrjun árs 2007 til norska félagsins AKVA Group ASA, en félagið var hluti af samstæðu TM Software hf. Í framhaldi af sölunni gerði AKVA kröfu Á TM Software um endurgreiðslu á hluta af kaupverði. Samkomulag náðist um kröfu AKVA fyrir kaup Nýherja á TM Software. Við söluna á Maritech International AS varð samkomulag um að samningur við ítalska félagið Fiorital S.r.l. yrði eftir hjá TM Software. Fyrir kaup Nýherja hf. á TM Software var undirritað samkomulag við Fiorital um gagnkvæma riftun samningsins og þ.m.t. allra krafna og skuldbindinga.

TM Software hf. er móðurfélag fimm félaga: Skyggis, Origos, Vigors, eMR og ITP.

Skyggis ehf. var stofnaður árið 2000 með samruna rekstrarsviðs TölvuMynda og tölvudeilda Eimskipa og Flugleiða og var tilgangur félagsins að vaxa á sviði rekstrarþjónustu og hýsingar á íslenska markaðnum.

Skyggis býður alhliða rekstrarþjónustu á sviði upplýsingatækni. Þjónustan getur verið allt frá altækum samningum þar sem félagið kemur í stað tölvudeildar viðkomandi fyrirtækis, til þjónustu sem afmarkast við einstök ráðgjafarverkefni; ákveðin kerfi eða búnað. Um er að ræða fjórar megin þjónustulínur: notendabjónusta, netþjónusta, upplýsingatækniöryggi og hýsing og kerfisveita. Icelandair er stærsti viðskiptavinur félagsins.

Félagið er vottað MS Gold Partner, Citrix Gold Partner og Cisco Primum Partner. Skyggis notar sína eigin útgáfu af PRINCE2 verkefnastjórnunarkerfinu.

Fjöldi stöðugilda hjá Skyggis er 120 og framkvæmdastjóri er Sigurður Þórarinsson.

ITP ehf. er félag sem búið var til útúr Skyggis á árinu 2006 til að sinna endursölu á tölvu- og tækjabúnaði. TM Software hefur mörg undanfarin ár séð um innkaup á vélbúnaði, hugbúnaði og öðrum aðföngum sem nauðsynleg eru til að reka og þjónusta tölvukerfi viðskiptavina sinna. Fjöldi stöðugilda í félaginu er fimm og framkvæmdastjóri er Sigurður Þórarinsson.

Vigor ehf. var stofnað árið 2001 þegar sá hluti starfsemi TM Software er sneri að veitulausnum og AS400-upplýsingakerfislausnum var settur í félagið. Á árinu 2005 var gerður samningur um kaup á hugbúnaði og viðskiptasamningum frá Maritech, en um var að ræða launakerfið Topplaun og viðskiptasamningar við sveitarfélög með AS400-lausnir. Meginlausnir félagsins eru: Vigor viðskiptalausnir, Orkan, ToppLaun, AKS viðskiptahugbúnaður og kerfisveita. Stærsti viðskiptavinur félagsins er Orkuveita Reykjavíkur.

Fjöldi stöðugilda í félaginu er 30 og framkvæmdastjóri er Sigurður Bergsveinsson.

Origo ehf. var stofnað árið 2001 og annast það sérlausnir og samþættingu verkefna og kerfa ásamt vefsmíði en starfsemin var áður sérlausnadeild TölvuMynda. Félagið sameinaðist Íslensku vefstofunni á árinu 2003. Veflausnir, vefþjónustur og SOA gegna mikilvægu hlutverki í samþættingarverkefnum Origo, en auk þess er boðið upp á tilbúnað lausnir og þjónustu við þær í tengslum við samþættingu og gagnasamskipti. Stærsti viðskiptavinur félagsins er Icelandair.

Fjöldi stöðugilda í félaginu er 45 og framkvæmdastjóri er Stefán Þór Stefánsson.

eMR-hugbúnaður ehf. varð til á árunum 2003 og 2004 með samruna nokkurra félaga sem voru í hugbúnaðargerð fyrir heilbrigðisgeirann. Aðalafurð þess er sjúkraskrárkerfi sem er í notkun hjá öllum helstu sjúkrastofnunum landsins og heilsugæslustöðvum. Meginlausnir sem félagið býður upp á eru: Saga, Hekla, Medicor og Pappírssjúkraskrá. Stærsti viðskiptavinur félagsins er LSH. Á árinu 2006 voru Doc ehf. og Libra ehf. sameinuð félaginu. Theriak Medication Management var sameinað eMR á árinu 2005, en það félag framleiðir lyfjaumsýslubúnað. Theriak var klofið út úr rekstrinum í október 2007 og voru eignir tengdar þeirri starfsemi seldar í janúar 2008.

Fjöldi stöðugilda í félaginu er 16 og framkvæmdastjóri er Hákon Sigurhansson.

ParX ehf.

ParX ehf. (ParX viðskiptaráðgjöf IBM) er ráðgjafar- og rannsóknarfyrirtæki sem á rætur að rekja til ársins 1971 þegar fyrsta rekstrarráðgjafarfyrirtæki landsins, Hagvangur, var stofnað. Hagvangur varð árið 1998 hluti af PricewaterhouseCoopers. ParX ehf. hefur verið í eigu Nýherja hf. frá 1. janúar 2004 og er fyrirtækið IBM Business Partner.

Starfsemi ParX er fyrst og fremst almenn stjórnunar- og rekstrarráðgjöf sem felur í sér aðstoð við greiningar og rannsóknir ásamt því að veita stjórnendum álit eða ráðgjöf um einstaka þætti í starfsemi þeirra.

Rágjafarstarfsemi ParX greinist í fjögur fagsvið:

- Stjórnunarráðgjöf
- Fjármálaráðgjöf
- Markaðsráðgjöf og rannsóknir
- Mannauðsráðgjöf og rannsóknir

Verkefni fyrirtækisins eru fjölbreytt, en viðskiptavinir ParX eru mörg af stærri fyrirtækjum landsins, ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög. Þá hefur félagið í auknum mæli unnið að verkefnum erlendis.

Framkvæmdastjóri ParX er Þorsteinn Þorsteinsson og fjöldi stöðugilda 22.

Dansupport A/S

Nýherji hf. undirritaði í maí á árinu 2007 samning um kaup á öllu hlutafé í fyrirtækinu Dansupport A/S í Danmörku. Kaupverðið nam 195 m.kr. og var að stærstum hluta fjármagnað með handbæru fé. Hluti af kaupverðinu verður greiddur á árinu 2008 eða sem nemur 63 m.kr. Dansupport er þjónustufyrirtæki sérhæft í uppsetningu á tölvu-, samskipta- og símkerfum fyrir meðalstór fyrirtæki. Þá rekur félagið einnig hýsingarmiðstöð í Óðinsvéum. Helstu samstarfsaðilar Dansupport eru IBM, Avaya, Cisco og Microsoft í Danmörku. Dansupport hóf upphaflega starfsemi í Óðinsvéum árið 1987. Nýlega opnaði félagið skrifstofu í Kolding til að þjóna viðskiptavinum á Jótlandi. Einnig hefur verið opnuð skrifstofa í Kaupmannahöfn, þar sem áhersla verður lögð á að þjóna viðskiptavinum í Kaupmannahöfn og annars staðar á Sjálandi.

Nýherji hefur á undanförnum misserum annast mörg verkefni erlendis við uppsetningu á sím- og tölvukerfum og hafa íslenskir starfsmenn annast þau verkefni. Þá hafði Nýherji tvo fasta starfsmenn í Danmörku á árinu 2006 sem starfa nú hjá Dansupport A/S.

Þorvaldur Jacobsen starfar tímabundið sem framkvæmdastjóri Dansupport og er fjöldi stöðugilda í félaginu 45.

Linkur ehf.

Nýherji keypti í mars 2007 öll hlutabréf í félaginu Linki ehf. fyrir 40 m.kr. og er bókfærð viðskiptavild vegna kaupanna 79 m.kr. Kaupin voru greidd með handbæru fé.

Árlegar tekjur Links ehf. hafa verið ríflega 350 m.kr., en félagið er umboðs- og dreifingaraðili á vörum frá m.a. Sony, Panasonic og fleiri þekktum framleiðendum.

Í september 2007 gekk Linkur frá kaupum á rekstri Sony Center í Kringlunni. Unnið hefur verið að endurskipulagningu og styrkingu rekstrarins með kaupunum á Sony Center og flutningi á ljósvakamiðladeild Nýherja yfir í Link. Framkvæmdastjóri Links ehf. er Pétur Steingrímsson og fjöldi stöðugilda sjö.

Klak ehf.

Nýherji hefur undanfarin sjö ár rekið nýsköpunarmiðstöðina Klak ehf. og stýrt starfsemi Seed Forum á Íslandi síðustu þrjú árin. Klak ehf. er nýsköpunarhús sem kemur að mótun, mati og útfærslu viðskiptahugmynda sem byggjast á nýsköpun og upplýsingatækni.

Klak veitir margs konar þjónustu til sprotafyrirtækja, t.a.m. í rekstrarstjórnun, markaðs-nálgun, verkefnastjórnun, fjármögnun, húsnæði og aðstöðu.

Í september 2007 var ákveðið að sameina starfsemi Háskólans í Reykjavík og Klaks ehf. á sviði þjónustu við frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtæki undir nafni Klaks ehf. til eflingar þeirrar starfsemi í landinu. Eignarhlutur Háskólans í Reykjavík er 20%. Eftir sameininguna eru um 20 fyrirtæki með húsnæðisaðstöðu innan Klaks og fá þar margvíslega þjónustu. Fyrirtækin verða fyrst í stað með aðstöðu í húsnæði Háskólans í Reykjavík.

Framkvæmdastjóri Klaks ehf. er Eypór Ívar Jónsson sem er jafnframt eini starfsmaður félagsins.

SimDex ehf.

Félagið starfar að þróun, rekstri og sölu á rafrænum færslumiðlunarhugbúnaði. Undanfarin ár hefur SimDex unnið að hönnun og þróun á hugbúnaði fyrir birgðahald og greiðslur á rafrænum vörum og þjónustu, svo sem fyrir farsímakort, miðasölu og aðrar rafrænar vörur. SimDex-kerfið er m.a. notað af dreifingaraðila símakorta í Danmörku og Sviss, en einnig hefur kerfið verið sett upp fyrir aðila í Austurlöndum nær, Mið-Austurlöndum og Afríku.

Félagið var stofnað á árinu 2000. Framkvæmdastjóri SimDex ehf. er Agnar Jón Ágústsson og fjöldi stöðugilda í félaginu sex.

7.4 Helstu fjárfestingar frá árinu 2005

Helstu fjárfestingar samstæðunnar á síðustu árum tengjast kaupum á öðrum félögum. Um kaup Nýherja á ráðandi hlut í TM Software er fjallað sérstaklega í umfjöllun um það félag hér

að framan en á útgáfudegi lýsingar er eignarhluti Nýherja í því félagi 92,5% en kaupverð þess hluta er 1.301 m.kr. Hér að aftan gefur að líta yfirlit um helstu fjárfestingar á árunum 2005-2007. Kaupin á AppliCon A/S voru fjármögnuð þannig að 267 m.kr. voru greiddar með handbæru fé, 141 m.kr. var greidd með hlutafé í Nýherja og um 356 m.kr. komu til greiðslu á árunum 2006 og 2007. Kaupin á Tölvusmiðjunni ehf. voru fjármögnuð þannig að 30 m.kr. voru greiddar með handbæru fé og 35 m.kr. voru greiddar á árinu 2007. Kaupin á Link ehf. voru fjármögnuð með handbæru fé. Kaupin á Dansupport A/S voru fjármögnuð þannig að 132 m.kr. voru greiddar með handbæru fé og 63 m.kr. voru greiddar með handbæru fé í ársbyrjun 2008.

Helstu fjárfestingar 2005-2007:	Dagsetning	Hlutdeild	Kaupverð
			m.kr.
AppliCon A/S	Okt. 2005	100%	765
Tölvusmiðan ehf.	Okt. 2006	100%	65
Linkur ehf.	Mars 2007	100%	40
Dansupport A/S	Maí 2007	100%	195

7.5 Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félag þar sem Nýherji hf. hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð.

AGR – Aðgerðargreining ehf. er verkfræðifyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum til hagræðingar í rekstri. Lausnir AGR á sviði hugbúnaðar, ráðgjafar og kennslu miða að betri nýtingu auðlinda með aðferðum aðgerðagreiningar.

Fyrirtækið hefur þróað fjölmargar hugbúnaðarlausnir fyrir bestun og hermun, t.a.m. við afurðaval, birgðastýringu, vörudreifingu o.s.frv. Eignarhlutur Nýherja í AGR er 36%.


Hópvinnukerfi ehf. hefur um árabíl þróað hugbúnaðarlausnir í Lotus Notes og er eina fyrirtækið hérlendis sem sérhæfir sig einvörðungu í þróun, sölu, ráðgjöf og þjónustu á því sviði.

Hópvinnukerfi býður upp á þriðja tug lausna sem skiptast í fjóra meginflokka, þ.e. gæðastjórnun, markaðsstjórnun, skjalastjórnun og starfsmannastjórnun. Hjá Hópvinnukerfum starfa um 20 manns. Eignarhlutur Nýherja í fyrirtækinu er 43%.

7.6 Upplýsingatæknimarkaðurinn

Á heimasíðu Hagstofu Íslands eru birtar tölur um veltu í innlendum upplýsingatækniiðnaði frá árinu 1998 til ársins 2006. Eins og sést á myndinni hér á eftir, sem byggist á fyrrgreindum tölum, hefur velta aukist verulega á því tímabili. Heildaraukningin nemur um 137% á tímabilinu en mest er aukningin í þjónustuþættinum eins og myndin ber með sér.

Velta í upplýsingatækniðnaði í ma.kr.



Segja má að síðustu ár á innlendum upplýsingatæknimarkaði hafi einkennst af nokkrum sviptingum. Samrunar og yfirtökur hafa verið tíðar og þ.a.l. hefur orðið samþjöppun á markaði. Þrjár samsteypur eru nú fyrirferðamestar á Íslandi á þessum markaði, en það eru Skipti hf., Teymi hf. og Nýherji hf. Auk þess að starfa á upplýsingatæknimarkaði eru Skipti og Teymi einnig ráðandi á fjarskiptamarkaði. Með kaupum á TM Software hf. í október 2007 er Nýherjasamstæðan orðin stærsti aðilinn á Íslandi með aðaláherslu á upplýsingatækni.¹

Áhersla hefur verið á að auka þjónustuframboð og eru sameiningar upplýsingatækni- og fjarskiptafyrirtækja á Íslandi gott dæmi um það, en svipuð þróun hefur einkennt markaði í Norður- Evrópu á síðustu árum. Þróunin hefur einnig verið í þá átt að viðskiptavinir upplýsingatækniyrirtækja vilja færri en stærri þjónustuaðila sem geta veitt víðtækari þjónustu. Þá leitast fyrirtæki í auknum mæli til að úthýsa ýmsum þáttum í starfsemi sinni sem ekki tengjast grunnstarfsemi s.s. hvað lýtur að rekstri og þjónustu við upplýsingatæknikerfi. Þjónusta og ráðgjöf verður sífellt mikilvægari þáttur í starfsemi upplýsingatækniyrirtækja enda hefur aukin notkun staðla í vél- og hugbúnaði gert það að verkum að minni munur er á búnaði framleiðenda en áður. Nokkuð jafn vöxtur hefur verið á þessum mörkuðum eða um 5% á milli ára síðustu árin en óróleiki á fjármálamörkuðum á seinni árshelmingi 2007 og í byrjun árs 2008 gerir erfitt að spá fyrir um þróun á árinu 2008.

Nýherjasamstæðan starfar að langstærstum hluta á upplýsingatæknimarkaði á Íslandi og í Danmörku. Miðað við 2007 tölur og að teknu tilliti til kaupa á TM Software hf. er landfræðileg skipting tekna þannig að 87,5% af tekjum koma frá Íslandi, 11,9% koma frá Danmörku og 0,6% frá öðrum löndum. Skipta má þeim hluta upplýsingatæknimarkaðar sem Nýherjasamstæðan starfar á í eftirfarandi markaðshluta:

- Markaður fyrir sölu vélbúnaðar, rekstrarþjónustu og tengda þjónustu
- Markaður fyrir þróun og sölu hugbúnaðar og ráðgjöf

Sala vélbúnaðar tekur til smásölu, heildsölu, dreifingar og þjónustu á tölvukerfum, símkerfum, prentlausnum, hljóð- og myndlausnum og sambærilegum búnaði. Jafnframt

¹ Hér er stærð miðuð við heildarveltu samstæðunnar á síðasta ári að teknu tilliti til kaupa á TM Software hf. Í þessu sambandi er hér vísað til opinberra upplýsinga um veltu upplýsingatæknihluta tveggja stærstu samkeppnisaðila; Teymis hf. og Skipta hf. Velta upplýsingatæknihluta Teymis hf. var 9.754 m.kr. á árinu 2007 samkvæmt skýringu 6 í ársreikningi félagsins. Velta upplýsingatæknihluta Skipta hf. á árinu 2007 var 6.391 m.kr. samkvæmt skýringu 5 í ársreikningi félagsins. Ársreikningar þessara félaga eru aðgengilegir á heimasíðum þeirra; www.teymi.is og www.skipti.is.

telst til þessarar starfssemi alls kyns hugbúnaður sem nauðsynlegur er fyrir rekstur og samþættingu þessara lausna. Samstæðan veitir viðskiptavinum margskonar ráðgjöf og þjónustu varðandi hönnun, uppsetningu og viðhalds þessara lausna. Oft á tíðum eru gerðir þjónustusamningar til nokkra ára við viðskiptavini um viðhaldsþjónustu á þeim búnaði sem var keyptur. Ráðgjöf samstæðunnar getur jafnframt leitt til þess að Nýherjasamstæðan taki að sér rekstur tölvukerfa með miðlægum alrekstri eða rekstri kerfa sem er staðsett hjá viðskiptavinum. Slík rekstrarþjónusta er sífellt vaxandi þáttur í starfssemi samstæðunnar.

Markaður fyrir þróun og sölu hugbúnaðar og ráðgjafar tekur til sölu, ráðgjafar, aðlögunar, innleiðingar, prófana og þjálfunar á viðskiptahugbúnaði frá þriðja aðila. Þróaðar hafa verið hugbúnaðarlausnir fyrir ákveðna markhópa sbr. fjármálafyrirtæki, tryggingafélög, sjávarútvegsfyrirtæki, sveitarfélög, flutningafyrirtæki og heilbrigðisstofnannir. Jafnframt telst til þessarar starfssemi hönnun og sala ýmissa sérsniðinna hugbúnaðarlausna sem leysa ákveðin viðfangsefni í rekstri viðskiptavinarins. Ráðgjöf samstæðunnar nær einnig til fjármála-, mannauðs-, markaðs- og rekstrarráðgjafar og fer sú starfssemi fram undir merkjum ParX viðskiptaráðgjafar.

Stjórnarhættir, stjórn og starfsmenn

8.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Nýherja eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Stjórn Nýherja hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í þeim reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira.

Í samþykktum Nýherja er kveðið á um hluthafafundi í IV. kafla, um stjórn félagsins í V. kafla og um reikninga og endurskoðun í VII. kafla. Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan gerð skriflega og fundarefni tilgreint og fundur þá boðaður innan tveggja vikna. Hafi félagsstjórnin eigi boðað til fundar innan þess tíma, er heimilt að krefjast þess að ráðherra boði til fundarins. Til hluthafafunda skal boðað með auglýsingu í viðlesnum dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Aðalfundi skal boða með tveggja vikna fyrirvara en aðra hluthafafundi með viku fyrirvara og fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins a.m.k. sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða forstjóra. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að mættir séu þrír stjórnarmenn eða tveir stjórnarmenn ásamt varamanni. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meðal skyldustarfa stjórnar er að ákvarða stefnu félagsins og að ráða forstjóra. Ekki er í gildi neitt sérstakt fyrirkomulag eða samkomulag milli stærstu hluthafa, viðskiptavina, birgja eða annarra varðandi það hverjir sitja í stjórn og framkvæmastjórn félagsins.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir stefnu stjórnarinnar og þeim fyrirmælum sem hún hefur gefið. Þá er hlutverk forstjóra að tryggja að starfsemi félagsins sé í samræmi við samþykktir félagsins og gildandi löggjöf hverju sinni.

Stjórn Nýherja hf. telur stjórnarhætti félagsins uppfylla skilyrði í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út árið 2005 af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og OMX ICE (Kauphöll Íslands) að öðru leyti en því að ekki hafa verið skipaðar endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, þar sem stjórn félagsins telur þeirra ekki þörf. Meðal annars telur hún að ákvæðum um að stjórnarmenn séu óháðir sé fullnægt, þ.e. ákvæðum þess efnis að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu, sbr. skilgreiningu leiðbeininganna og ákvæðum þess efnis að í það minnsta tveir stjórnarmenn séu óháðir stórum hluthöfum í félaginu.

8.2 Stjórn, lykilmenn og endurskoðendur

Stjórn félagsins er kjörin til eins árs í senn á aðalfundi félagsins. Kosnir eru þrír menn í stjórn og einn til vara. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi sem og varaformann. Hér að aftan eru upplýsingar um stjórnarmenn félagsins, lykilmenn í félaginu og endurskoðendur. Lykilmenn í félaginu eru hér skilgreindir sem forstjóri og framkvæmdastjórnar kjarnalausna og notendalausna, en þeir skipa framkvæmdastjórn Nýherja hf. Lykilmenn eru þeir aðilar innan félagsins sem skipta máli til að sýna fram á að innan útgefanda sé viðeigandi sérþekking og reynsla fyrir stjórnun á rekstri útgefanda.

Til viðbótar við upplýsingar um laun, eignarhluti og kauprétti viðkomandi einstaklinga sem taldir eru upp hér að aftan má geta þess að laun og launatengdar greiðslur til annarra stjórnenda, framkvæmdastjóra sviða og dótturfélaga, samtals sex einstaklingar, námu rúmum 93 m.kr. á árinu 2007. Kaupréttir þessara aðila nema 2.400 þúsund hlutum og söluréttur 1.000 þúsund hlutum. Eignarhlutir þessara aðila nam um 2.861 þúsund hlutum í árslok 2007.

Stjórnarmenn, forstjóri og lykilmenn hafa ekki verið sakfelldir vegna svikamála síðastliðin fimm ár né hafa þeir verið aðilar að gjaldþroti, skiptameðferð eða félagsslitum síðastliðin fimm ár. Þeir hafa ekki sætt opinberum kærnum og/eða viðurlögum lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda eða verið dæmdir vanhæfir til að starfa sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda né til að stjórna verkefnum hjá einhverjum útgefanda síðastliðin fimm ár.

Ekki er um að ræða nein veruleg né óvenjuleg viðskipti á milli samstæðunnar og tengdra aðila á árunum 2005, 2006 og 2007. Með tengdum aðilum er hér átt við hlutdeildarfélag, stjórn, forstjóra, lykilmenn, aðila nátengda fyrrgreindum aðilum og hluthafar með meira en 10% eignarhlut. Ofangreindir aðilar njóta sambærilegra viðskiptakjara og aðrir viðskiptamenn og starfsmenn samstæðunnar. Þau viðskipti sem farið hafa fram við tengda aðila eru kaup viðkomandi aðila á vörum og þjónustu af félögum innan samstæðunnar. Þá er um að ræða kaup félaga innan samstæðunnar á vörum og þjónustu af hlutdeildarfélagum. Ekki er um að ræða neina lánastarfsemi að ræða utan sambærilegs greiðslufrests og ótengdir aðilar fá.

Hjá stjórnarmönnum, forstjóra og lykilmönnum útgefanda eru engir hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa þeirra fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna og lykilmanna. Aðsetur stjórnarmanna, forstjóra og lykilmanna er í höfuðstöðvum Nýherja hf. í Borgartúni 37 í

Reykjavík. Engar takmarkanir eru í gildi varðandi ráðstöfun verðbréfa ofangreindra aðila í félaginu.

Stjórnarformaður – Benedikt Jóhannesson

Benedikt hefur átt sæti í stjórn Nýherja frá 1995 og verið stjórnarformaður félagsins frá árinu 1996.

Benedikt er framkvæmdastjóri Talnakönnunar hf. sem hann stofnaði árið 1984. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri útgáfufélagsins Heims, sem er dótturfélag Talnakönnunar.

Benedikt er með BS í stærðfræði, hagfræði sem aukagrein, frá University of Wisconsin (1977), MS próf í tölfræði frá Florida State University (1979), og doktorsgráðu (Ph.D.) frá Florida State University, aðalgrein tölfræði og stærðfræði sem aukagrein (1981).

Benedikt kenndi við Verzlunarskóla Íslands 1982-1986, við Háskóla Íslands 1982-1988 og Háskólann á Akureyri 1991-1993.

Benedikt hefur verið formaður Félags raungreinakennara í framhaldsskólum, Íslenska stærðfræðafélaginu og Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Maki Benedikts er Vigdís Jónsdóttir.

Önnur núverandi stjórnarseta: Sjúkratryggingar (formaður), Íslenska óperan ses og Áning-fjárfestingar ehf.

Fyrrum stjórnarseta á síðastliðnum fimm árum: Skeljungur hf., Myllan hf., Útgerðarfélag Akureyringa hf., HF Eimskipafélag Íslands, Burðarás hf., Hans Petersen hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Tengsl við stóra hluthafa: Talnakönnun hf. (hluthafi), Vigdís Jónsdóttir (maki), Áning-fjárfestingar ehf. (stjórnarmaður og hluthafi).

Heildarlaun Benedikts fyrir stjórnarsetu í Nýherja hf. og dótturfélögum á árinu 2007 námu 2.550 þ.kr. og eignarhlutir hans eru 21.773.240 hlutir og aðila fjárhagslega tengdum honum nema samtals 38.298.954 hlutum. Benedikt á enga kaup- eða sölurétti í Nýherja hf.

Varaformaður – Árni Vilhjálmsson

Árni Vilhjálmsson hefur átt sæti í stjórn Nýherja frá stofnun, 1992 og var formaður frá upphafi til ársins 1996 er Benedikt tók við af honum og tók Árni þá við varaformennsku.

Árni er Cand. Oecon. frá Háskóla Íslands (1954), og stundaði nám í þjóðhagfræði við Harvard University árin 1954-1957, og er með M.A. og General Oral Examination for the Ph.D.

Árni var prófessor í viðskiptafræðum við Háskóla Íslands á árunum 1961 til 1998.

Maki Árni er Ingibjörg Björnsdóttir.

Önnur núverandi stjórnarseta: HB Grandi hf. (formaður), Hampiðjan hf., Hvalur hf. (formaður), Stofnfiskur hf. (formaður), Fiskveiðahlutafélagið Venus, Vogun hf. (formaður) og Norðanfiskur ehf. (varamaður).

Fyrrum stjórnarseta á síðastliðnum fimm árum: Engin.

Tengsl við stóra hluthafa: Vogun hf. (stjórnarformaður og hluthafi) og Fiskveiðahlutfélagið Venus (hluthafi og stjórnarmaður).

Heildarlaun Árna fyrir stjórnarsetu í Nýherja hf. á árinu 2007 námu 850 þ.kr. og eignarhlutir hans í félaginu eru um 330.000 hlutir og aðila fjárhagslega tengdum honum nema samtals 79.975.200 hlutum. Árni á enga kaup- eða sölurétti í Nýherja hf.

Stjórnarmaður – Guðmundur Jóhann Jónsson

Guðmundur Jóhann Jónsson tók sæti í stjórn Nýherja sem varamaður árið 1999 en hefur verið aðalmaður í stjórn síðan í febrúar 2005.

Guðmundur er framkvæmdastjóri Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf. en áður starfaði hann hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og SP-Fjármögnun hf.

Guðmundur útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Seattle University á árinu 1985 og lauk MBA prófi frá Edinborgarháskóla á árinu 2000.

Önnur núverandi stjórnarseta: Hreint ehf. (formaður) og Eignarhaldsfélagið Fiskur um hrygg ehf.

Maki Guðmundar er Þórhildur Hrönn Ingólfssdóttir.

Fyrrum stjórnarseta á síðastliðnum fimm árum: Securitas hf. og Guðmundur Runólfsson hf.

Tengsl við stóra hluthafa: Engin.

Heildarlaun Guðmundar fyrir stjórnarsetu í Nýherja hf. á árinu 2007 námu 850 þ.kr. og eignarhlutir hans í félaginu eru 476.940 hlutir. Eignarhlutir fjárhagslegra tengdra aðila 0 hlutir. Guðmundur á enga kaup- eða sölurétti í Nýherja hf.

Varamaður – Örn D. Jónsson

Örn D. Jónsson tók varamannsæti í stjórn Nýherja árið 1995.

Örn er prófessor við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og er áherslusvið hans frumkvöðla- og nýsköpunarfræði.

Örn er með doktorsgráðu í hagrænni landfræði frá Roskilde-háskóla og með meistaraþáttu frá sama skóla í atvinnuskipulagsfræði.

Örn hefur m.a. gegnt starfi aðstoðarforstjóra Iðntæknistofnunar Íslands og verið forstöðumaður sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands og er nú prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Maki Arnar er Laufey Guðjónsdóttir.

Önnur núverandi stjórnarseta: Matstofa Vesturbæjar ehf. og Hið íslenska boðfélag ehf. (varamaður).

Fyrrum stjórnarseta á síðastliðnum fimm árum: Engin.

Tengsl við stóra hluthafa: Engin.

Heildarlaun Arnar fyrir stjórnarsetu í Nýherja hf. á árinu 2007 námu 600 þ.kr. og eignarhlutir hans í félaginu eru 267.000 hlutir. Eignarhlutir fjárhagslegra tengdra aðila 0 hlutir. Örn á enga kaup- eða sölurétti í Nýherja hf.

Forstjóri Nýherja hf.

Þórður Sverrisson hefur verið forstjóri Nýherja frá 1. apríl, 2001. Þórður er stjórnarformaður eða situr í stjórn flestra dótturfélaga Nýherjasamstæðunnar.

Þórður starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands frá 1982 og gegndi stöðu framkvæmdastjóra flutningasviðs frá árinu 1986 til 2001. Á árunum 1978-1982 var hann framkvæmdastjóri Stjórnunarfélags Íslands.

Þórður er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1977 og stundaði framhaldsnám við Viðskiptaháskólann í Gautaborg til 1978. Hann er fæddur 24. apríl 1952 og er búsettur í Hafnarfirði. Maki hans er Lilja Héðinsdóttir.

Núverandi stjórnarseta: Litmyndir ehf. (formaður), Hópvinnukerfi hf., Áning-fjárfestingar ehf., Landsvirkjun (varamaður), Litmyndir, prentmiðlun ehf. (varamaður).

Fyrrum stjórnarseta á síðastliðnum fimm árum: SPH Rekstrarfélag hf.

Tengsl við stóra hluthafa: Áning fjárfestingar ehf. (stjórnarmaður og hluthafi) og Audur Invest Holding SA (hluthafi).

Heildarlaunagreiðslur Þórðar fyrir árið 2007 námu samtals 34.700 þ.kr. og eignarhlutir hans í félaginu eru 5.289.887 hlutir og aðila fjárhagslega tengdum honum nema samtals 38.171.719 hlutum. Þórður á enga kaup- eða sölurétti í Nýherja hf.

Framkvæmdastjóri notendalausna – Erling Ásgeirsson

Erling hefur verið framkvæmdastjóri Notendalausna Nýherja frá árinu 1992.

Hann starfaði í tæknideild IBM á Íslandi frá 1974 til 1984. Á árunum 1984 -1992 stjórnaði Erling eftirtöldum fyrirtækjum, sem framkvæmdastjóri í styttri eða lengri tíma: Gísli J. Johnsen sf., Skrifstofuvélum hf., Radióstofunni hf. og Norsk Data á Íslandi hf.

Erling hóf nám í skriftvélavirkjun – rafeindavirkjun – 1962 hjá Einari J. Skúlasyni og öðlaðist meistararéttindi í því fagi 1968.

Erling er fæddur 29. maí 1945 og er búsettur í Garðabæ. Maki hans er Erla Þorláksdóttir.

Núverandi stjórnarseta: Kirfi ehf. (formaður), Tengi hf., Strætó bs., Lyngholtseignir ehf., (formaður), Bæjarfulltrúi í Garðabæ, bæjarráð Garðabæjar (formaður) og Hönnunarsafn Íslands (formaður).

Fyrrum stjórnarseta á síðustu fimm árum: Engin.

Tengsl við stóra hluthafa: Engin.

Heildarlaunagreiðslur Erlings fyrir árið 2007 námu samtals 14.599 þ.kr. og eignarhlutir hans í félaginu eru 100.000 hlutir og aðila fjárhagslega tengdum honum 8.224 hlutir. Kaupréttir í árslok námu 600 þúsund hlutum.

Framkvæmdastjóri kjarnalausna – Þorvaldur Jacobsen

Þorvaldur Jacobsen er framkvæmdastjóri kjarnalausna og hefur gengt því starfi frá árinu 2004 en starfaði áður sem framkvæmdastjóri samskiptalausna frá árinu 2001. Þá gegnir hann tímabundið stöðu framkvæmdastjóra hjá Dansupport A/S.

Hann hefur mikla reynslu af upplýsingatæknigeiranum úr störfum sínum sem framkvæmdastjóri visir.is, sölu- og markaðsstjóri hjá Teymi hf. og sölustjóri hjá Opnum kerfum.

Þorvaldur er fæddur 21. desember 1963 og er búsettur í Reykjavík. Maki hans er Jensína Böðvarsdóttir.

Þorvaldur er rafmagnsverkfræðingur frá H.Í. 1986, með B.S.-próf í tölvunarfræði frá H.Í. 1987 og MSEE í rafmagnsverkfræði frá University of Texas, Austin 1990.

Núverandi stjórnarseta: Engin.

Fyrrum stjórnarseta á síðustu fimm árum: Engin.

Tengsl við stóra hluthafa: Engin.

Heildarlaunagreiðslur Þorvaldar fyrir árið 2007 námu samtals 18.580 þ.kr. og eignarhlutir hans í félaginu eru 500.000 hlutir. Eignarhlutir fjárhagslegra tengdra aðila 0 hlutir. Kaupréttir í árslok 2007 námu 600 þúsund hlutum.

Endurskoðendur Nýherja hf.

Endurskoðandi Nýherja hf. er KPMG hf. og eru Sæmundur Valdimarsson og Ólafur Már Ólafsson fulltrúar þess félags. Hafa þeir endurskoðað og áritað samstæðuársreikninga Nýherja hf. á árunum 2003-2007. Endurskoðendur hafa ekki sagt upp störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, þ.e. á árunum 2005-2007.

8.3 Starfsmenn


Stefna í starfsmanna- og starfskjaramálum hefur verið mótuð og samþykkt af stjórn Nýherja hf. Í starfsmannastefnu kemur m.a. fram áhersla á fagleg vinnubrögð við ráðningar, fjárfestingu í menntun starfsmanna og jafnræði óháð kynferði, trúarbrögðum og fleiri þáttum.

Stefna Nýherja um starfskjör stjórnenda og starfsmanna byggist á því að kjör starfsmanna félagsins og dótturfélaga séu í meginatriðum í samræmi við kjör starfsmanna í sambærilegum fyrirtækjum hérlendis. Auk fastra launa er heimilt að veita stjórnendum og starfsmönnum aukagreiðslur eða umbun, m.a. með árangurstengdum launum, kauprétti, tækjabúnaði eða bifreið. Félagið veitir starfsmönnum sínum ekki sérstaka starfslokasamninga, þó með þeim undantekningum þar sem slíkur uppsagnarfrestur tíðkast, t.d. erlendis. Nýherji gerir ekki sérstaka eftirlaunasamninga við stjórnendur félagsins og er enginn slíkur samningur í gildi. Starfskjarastefna félagsins, sem samþykkt var á hluthafafundi 26. janúar 2007, er í samræmi við 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og almenn viðmið atvinnulífsins um góða stjórnarhætti.

Kappkostað er að hjá samstæðunni starfi ætíð hæft og vel þjálfað starfsfólk og er varið á annað hundrað milljónum króna á hverju ári til uppbyggingar á þekkingu og færni starfsmanna.

Í árslok 2007 voru stöðugildi innan samstæðunnar 482, þar af 141 erlendis, samanborið við 351, og þar af 65 erlendis, í árslok 2006 og 323, þar af 50 erlendis, í árslok 2005. Við kaup Nýherja á ráðandi hlut í TM Software hf. og kaup AppliCon AB á Marquardt & Partners AB fjölgar starfsmönnum samstæðu um 250 og er fjöldi stöðugilda nú um 740.

Próun stöðugilda innan Nýherjasamstæðunnar



8.4 Kaupréttarkerfi

Gerðir hafa verið kaupréttarsamningar við sjö stjórnendur innan samstæðunnar. Samningarnir heimila þeim að kaupa hluti í Nýherja hf. á árunum 2007 til 2010 að nafnvirði sjö milljónir króna á genginu 14. Kostnaður vegna samningana, sem reiknaður er samkvæmt aðferð Black-Scholes, er færður á samningstímabilinu meðal launa og launatengdra gjalda og til mótvægis á sérstakan lið meðal eiginfjár. Gjaldfærður kostnaður vegna kaupréttarsamninga á árinu 2007 nam 12 m.kr. Notuð voru eigin bréf félagsins vegna nýtttra kaupréttá á árinu 2007.

Fjöldi hluta og vegið meðalkaupréttargengi er sem hér segir:

	Vegið meðal- kaupréttar- gengis		Vegið meðal- kaupréttar- gengis	
	Fjöldi hluta	Fjöldi hluta	Fjöldi hluta	Fjöldi hluta
	2007	2007	2006	2006
Kaupréttir 1. janúar	14,00	7.000		0
Veittir kaupréttir á árinu			14,00	7.000
Nýttir kaupréttir á árinu	14,00	(2.800)		0
Kaupréttir 31. desember	14,00	4.200	14,00	7.000

Fjárhagsupplýsingar

Hér er fjallað um þróun reksturs og efnahags samstæðu Nýherja hf. fyrir þrjú síðastliðin rekstrarár en reikningsár samstæðu er almanaksárið. Umfjöllunin er byggð á endurskoðuðum samstæðuársreikningum fyrir árin 2005, 2006 og 2007. Í viðauka með lýsingu þessari fylgja endurskoðaðir samstæðuársreikningar útgefanda fyrir þau sömu ár. Ársreikningarnir eru áritaðir án fyrirvara af endurskoðendum félagsins.

Fyrir kaupin á TM Software hf. voru dótturfélög Nýherja hf. sex en að auki eiga þau dótturfélög sex félög innan samstæðunnar þannig að samstæðan innihélt 13 félög að móðurfélaginu meðtöldu fyrir kaupin.

Gengið var frá kaupum á danska ráðgjafar- og hugbúnaðarfyrirtækinu AppliCon A/S í október 2005 og varð félagið hluti af Nýherja-samstæðunni frá 1. þess mánaðar. Í október 2006 var allt hlutfé í Tölvusmiðjunni ehf. keypt og varð félagið hluti af samstæðunni frá og með 1. október á því ári. Í lok mars árið 2007 var gerður samningur um kaup á öllu hlutfé í Link hf. og varð félagið hluti af samstæðunni frá og með 1. apríl 2007. Í maí á sama ári var keypt allt hlutfé í Dansupport A/S en það félag varð hluti af samstæðunni frá og með 1. maí 2007.

Við kaupin á ráðandi eignarhlut í TM Software hf. urðu dótturfélögin sjö og félög innan samstæðunnar 19. Nánar er fjallað um TM Software-samstæðuna í umfjöllun um dótturfélög í lið 7.4 og í umfjöllun um pro forma yfirlit í lið 9.4

9.1 Samstæðureikningur og reikningskilaaðferðir

Við gerð samstæðureiknings eru dótturfélög skilgreind sem þau félög sem Nýherji hf. fer með yfirráð í en yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna, eru felldar út við gerð samstæðureiknings.

Samstæðuársreikningur er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samstæðuársreikningar er gerðir á grundvelli kostnaðarverðs að því undanskildu að eignarhlutir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Starfrækslu- og framsetningar-gjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur.

9.2 Rekstur


Velta Nýherjasamstæðunnar hefur vaxið umtalsvert á síðustu þremur árum. Jukust rekstrar-tekjur um 30,7% á milli árána 2006 og 2007 en vöxturinn var 37,4% á milli árána 2005 og 2006. Aukningu í tekjum má bæði skýra með góðum innri vexti en einnig með kaupum á dótturfélögum á tímabilinu. Velta dótturfélaga nam um 37% af heildarveltu samstæðu á árinu 2007 samanborið við um 31% á árinu 2006 og um 10% árið áður. Hugbúnaðarsvið Nýherja var flutt í AppliCon ehf. í október 2005 sem skýrir að stórum hluta breytingar á milli árána 2005

og 2006. Linkur ehf. varð hluti af samstæðunni 1. apríl 2007 og Dansupport A/S þann 1. maí á sama ári. Velta AppliCon-samstæðunnar var um 73% af veltu dótturfélaga á árinu 2007 samanborið við um 94% árið áður.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir rekstur samstæðunnar á árunum 2005–2007. Kostnaðarverð seldra vara (vörunotkun) og kostnaður við selda þjónustu nam 55,9% af seldum vörum og þjónustu á árinu 2007, samanborið við 56,2% árið áður og 62,4% á árinu 2005. Hlutfall launa og launatengdra gjalda af seldum vörum og þjónustu var 29,2% á árinu 2007, 27,8% árið áður en hlutfallið var 26,0% á árinu 2005. Aukning á milli ára skýrist af auknu vægi þjónustutekna í heildarveltu.

Rekstrarreikningur (ISK '000)	2007	2006	2005
Seldar vörur og þjónusta	11.301.427	8.646.123	6.292.985
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	(6.317.906)	(4.859.093)	(3.924.891)
Vergur hagnaður	4.983.521	3.787.030	2.368.094
Aðrar tekjur	53.761	38.703	23.230
Laun og launatengd gjöld	(3.294.902)	(2.407.707)	(1.635.046)
Annar rekstrarkostnaður	(1.036.391)	(735.553)	(523.532)
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)	705.989	682.473	232.746
Afskriftir	(105.801)	(98.831)	(96.844)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	600.188	583.642	135.902
Fjármunatekjur	60.450	52.215	43.791
Fjármagnsgjöld	(156.348)	(225.029)	(83.792)
Hrein fjármagnsgjöld	(95.898)	(172.814)	(40.001)
Áhrif hlutdeildarfélaganna að frádregnum tekjuskatti	3.898	(5.718)	(1.799)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	508.188	405.110	94.102
Tekjuskattur	(88.258)	(99.484)	(17.621)
Hagnaður ársins	419.930	305.626	76.481
Skipting hagnaðar:			
Hluthafar móðurfélags	415.745	303.661	76.481
Hlutdeild minnihluta	4.185	1.965	0
Hagnaður ársins	419.930	305.626	76.481

Á súluriti hér af eftir sést hvernig þróun afkomu (EBITDA, EBIT og hagnaður ársins í þúsundum króna) hefur verið á síðustu þremur árum. Einnig er sýnt með súluriti hvernig helstu kostnaðarhlutföll þróast á milli ára. Afkoman batnar verulega á milli árána 2005 og 2006 sem skýrist að hluta af því að gjaldfærðar fjárfestingar í nýrri þekkingu starfsmanna og þróun á forsnidnum lausnum hafa verið umtalsverðar á síðustu árum en eru farnar að skila sér í bættri afkomu. Þá voru ekki færðar til tekna 185 m.kr. í rekstrarreikningi 2005 vegna ágreinings við viðskiptamann um samningsákvæði vegna innleiðingu hugbúnaðar, en samið var um kröfuna á árinu 2006 og þá bókfærð sérstök tekjufærsla að fjárhæð um 63 m.kr.



EBITDA og EBIT á árinu 2007 er nokkuð svipað og árið áður þrátt fyrir veltuaukningu. Skýringa á hlutfallslega lægri afkomu er helst að leita í kostnaði vegna kaupa og uppbyggingar á nýjum dótturfélögum en allur sá kostnaður er gjaldfærður. Hagnaður ársins 2007 var 420 m.kr. samanborið við 306 m.kr. árið áður, og skýrist aukin hagnaður að stórum hluta af minna gengistapi gjaldmiðla á árinu 2007 en árið áður, lækkun vaxtagjalda og verðbóta sem og auknum fjármagnstekjum. Gengistap vegna erlendra gjaldmiðla var 11 m.kr. á árinu 2007 samanborið við 64 m.kr. árið áður, en á árinu 2005 var gengistap vegna erlendra gjaldmiðla um 2 m.kr. Skýringa á aukningu fjármagnsgjalda milli árana 2005 og 2006 er annars vegar að leita í ofangreindu gengistapi og hins vegar í aukningu vaxtagjalda og verðbóta vegna nettó aukningar vaxtaberandi langtímalána milli ára.

Tekjum og afkomu samstæðunnar er í samstæðuársreikningi skipt í eftirfarandi rekstrarstarfsþætti:



- Vörur og tengd þjónusta
- Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf

Á súlurítum hér að aftan má sjá hvernig heildartekjur samstæðu skiptast á milli rekstrarstarfsþátta annars vegar og landa hins vegar á árunum 2006 og 2007.

Vörur og tengd þjónusta námu um 71% af heildartekjum samstæðu 2007 samanborið við 66% af heildartekjum árið 2006 og um 75% árið 2005.

Um 20% af afkomu samstæðunnar (EBITDA) komu frá hugbúnaði, tengdri þjónustu og ráðgjöf á árinu 2007 samanborið við um 51% á árinu 2006 en tap var á þeim hluta starfseminnar árið áður. Hlutfallsleg lækkun þessa rekstrarstarfsþáttar á milli árana 2007 og 2006 skýrist að stóru leyti af gjaldfærðum kostnaði vegna uppbyggingar erlendra dótturfélaga.

Um 85% af tekjum á árinu 2007 komu frá Íslandi, 14% frá Danmörku og tæp 1% frá öðrum löndum. Vægi innlendra tekna var um 88% á árinu 2006 og um 96% árið áður.



9.3 Efnahagur

9.3.1 Eignir

Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir námu í árslok 2007 um 1.155 m.kr., samanborið við 1.066 m.kr. í árslok 2006. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrymun. Helsta eign í varanlegum rekstrarfjármunum er húseign að Borgartúni 37 í Reykjavík. Þess má geta að markaðsverð húseignar í Borgartúni er umtalsvert herra en bókfært verð. Yfirlit um skiptingu rekstrarfjármuna og bókfært verð í árslok 2007 fylgir hér á eftir.

Rekstrarfjármunir (ISK '000)	Fasteign	Tölvubúnaður	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Heildarverð 31.12.2007	976.354	558.873	361.683	1.896.910
Afskrifað alls 31.12.2007	146.076	383.589	212.453	742.118
Bókfært verð 31.12.2007	830.278	175.284	149.230	1.154.792
Afskriftarhlutföll	2%	25%	15-20%	

Fasteignamat fasteigna og lóða var um 1.051 m.kr. í árslok 2007. Á rekstrarfjármunum samstæðunnar hvíldu þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum sem voru að eftirstöðvum 935 m.kr. í árslok 2007.

Eignir (ISK '000)	2007	2006	2005
Rekstrarfjármunir	1.154.792	1.065.898	1.041.699
Óefnislegar eignir	1.178.496	925.497	665.394
Eignarhlutir í öðrum félögum	13.553	9.740	19.112
Skuldabréfaeign og samningar	16.876	50.910	81.062
Fastafjármunir	2.363.717	2.052.045	1.807.267
Birgðir	693.576	485.984	384.005
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	2.486.115	1.738.179	1.655.068
Handbært fé	117.882	272.052	121.784
Veltufjármunir	3.297.573	2.496.215	2.160.857
Eignir samtals	5.661.290	4.548.260	3.968.124

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samstæðunnar í árslok 2007 námu 1.178 m.kr. og eru tilkomnar vegna bókfærðrar viðskiptavildar við kaup á dótturfélögum. Í lok hvers reikningsárs er framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins sem byggist á væntu fjárstreymi í viðeigandi félögum sem fært hefur verið til núvirðis. Ef gangverð viðskiptavildar reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda. Ekki hefur orðið virðisrýrnun á viðskiptavild í dótturfélögum á síðustu þremur árum samkvæmt virðisrýrnunarprófi. Bókfærð viðskiptavild í árslok 2007 nam 788 m.kr. í AppliCon A/S, 170 m.kr. í Dansupport A/S, 90 m.kr. í Tölvusmiðjunni ehf. og 129 m.kr. í Link ehf. og Sony Center.

Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum námu samtals um 14 m.kr. í árslok 2007. Þar af voru 13 m.kr. eignarhlutir í hlutdeildarfélögum. Í árslok 2007 var eignarhlutur og bókfært verð samstæðunnar í hlutdeildarfélögum eins og hér er lýst.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum (ISK '000)	Eignarhlutur	Bókfært verð
AGR -Aðgerðagreining ehf.	36%	5.440
Hópvinnukerfi ehf.	43%	7.621
		13.061


Veltufjármunir

Birgðir í árslok 2007 námu samtals 694 m.kr., samanborið við 486 m.kr. í árslok 2006 og 384 m.kr. á sama tíma árið áður. Birgðir sem eldri eru en eins árs eru metnar á gangvirði og námu í árslok 2007 samtals 26 m.kr.

Nafnverð viðskiptakrafna í árslok 2007 nam 2.238 m.kr., samanborið við 1.627 m.kr. í árslok 2006 og 1.782 m.kr. í árslok 2005. Aukning viðskiptakrafna og birgða á milli ára skýrist fyrst og fremst af aukinni veltu samstæðunnar vegna kaupa á dótturfélögum og innri vexti. Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast var 29 m.kr. í árslok 2007 samanborið við 33 m.kr. í árslok 2006 og 24 m.kr. í árslok 2005. Um 23% af tekjum samstæðunnar eru vegna sölu á vörum og þjónustu til fimm stærstu viðskiptavina hennar og námu kröfur á þá 538 m.kr. í árslok 2007, en þar af eru fjórir innlendir aðilar. Um 93% af viðskiptakröfum í árslok 2007

voru ógjaldfallnar eða gjaldfallnar innan 30 daga. Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum og afskrifaðar tapaðar kröfur samstæðu verið óverulegur hluti veltu.

Handbært fé samstæðunnar nam 118 m.kr. í lok árs 2007, samanborið við 272 m.kr. á sama tíma árið áður.




9.3.2 Skuldir og eigið fé

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir námu 1.181 m.kr. í árslok 2007, samanborið við 1.341 m.kr. í árslok 2006 og 833 m.kr. í árslok 2005. Þar af var langtímahluti vaxtaberandi skulda 1.111 m.kr. og tekju-skattsskuldbinding 70 m.kr. Skiptingu vaxtaberandi skulda samstæðunnar (langtíma- og skammtímahluti) eftir gjaldmiðlum má sjá í kökuriti hér á eftir. Stærsti hluti vaxtaberandi lána er í íslenskum krónum, dönskum krónum og evrum, eða 73,8%, en tekjur samstæðunnar eru að stærstum hluta í íslenskum og dönskum krónum. Yfirdráttarlán eru hluti af vaxtaberandi skuldum. Skuldbindingar vegna fjármögnunarleigusamninga um áhöld og tæki sem færðar eru á meðal vaxtaberandi langtímaskulda í efnahagsreikningi námu í árslok 2007 32 m.kr., samanborið við 53 m.kr. í árslok 2006. Ekki er gert ráð fyrir að þörf sé á frekari lántökum á árinu 2008 fyrir utan lán sem tekið er vegna kaupa ráðandi hlut í TM Software.

Vaxtaberandi skuldir í árslok 2007



Meðalvextir lána samstæðunnar í íslenskum krónum voru 10,3% í árslok 2007. Meðalvextir lána í dönskum krónum voru 5,5% og í evrum 5,3% á sama tíma.

Afborganir langtímalána á næstu árum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2008	283 m.kr.
Afborganir 2009	200 m.kr.
Afborganir 2010	186 m.kr.
Afborganir 2011	128 m.kr.
Afborganir 2012	70 m.kr.
Afborganir síðar	525 m.kr.

Skuldir og eigið fé (ISK '000)	2007	2006	2005
Eigið fé:			
Hlutfé	225.635	223.201	246.408
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár	153.266	126.089	252.520
Annað bundið eigið fé	29.361	12.152	(29.629)
Óráðstafað eigið fé	1.341.450	1.026.156	927.929
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins	1.749.712	1.387.598	1.397.228
Hlutdeild minnihluta	14.249	9.441	0
Eigið fé samtals	1.763.961	1.397.039	1.397.228
Skuldir:			
Vaxtaberandi skuldir	1.110.529	1.278.952	780.075
Tekjuskattsskuldbinding	70.104	61.923	53.197
Langtímaskuldir	1.180.633	1.340.875	833.272
Vaxtaberandi skuldir	553.359	291.070	265.929
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.163.337	1.519.276	1.471.695
Skammtímaskuldir	2.716.696	1.810.346	1.737.624
Skuldir samtals	3.897.329	3.151.221	2.570.896
Eigið fé og skuldir samtals	5.661.290	4.548.260	3.968.124

Skammtímaskuldir

Samtals námu skammtímaskuldir 2.717 m.kr. í árslok 2007, samanborið við 1.810 m.kr. í árslok 2006 og 1.738 m.kr. í árslok 2005. Á meðal skammtímaskulda er næsta árs afborgun vaxtaberandi langtímalána, samtals 283 m.kr. Viðskiptaskuldir í árslok 2007 námu 1.185 m.kr., samanborið við 657 m.kr. í árslok 2006 og 679 m.kr. í árslok 2005. Aukning viðskiptaskulda milli árána 2006 og 2007 skýrist fyrst og fremst af auknu umfangi samstæðunnar. Aðrar skammtímaskuldir námu 978 m.kr. og þar af voru ógreiddir skattar ársins 128 m.kr.

Eiginfjárfirlit (ISK '000)	Yfirverðs- reikningur		Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé		Eigið fé samtals
	Hlutfé	innborgaðs hlutfjár			hluthafa móður- félagsins	Hlutdeild minni- hluta	
Eigið fé 1.1. 2005	237.626	138.168	(28.480)	887.148	1.234.462	0	1.234.462
Pýðingarmunur dótturfélaga			(10.939)		(10.939)		(10.939)
Hagnaður ársins				76.481	76.481		76.481
Heildarhagnaður ársins			(10.939)	76.481	65.542	0	65.542
Hækkun vegna ónýtttra söluréttta			9.790		9.790		9.790
Keypt eigin hlutabréf	(1.880)	(21.088)			(22.968)		(22.968)
Seld eigin hlutabréf	10.662	135.440			146.102		146.102
Greiddur arður, 0,15 kr. á hlut				(35.700)	(35.700)		(35.700)
Eigið fé 31.12.2005	246.408	252.520	(29.629)	927.929	1.397.228	0	1.397.228
Eigið fé 1.1. 2006	246.408	252.520	(29.629)	927.929	1.397.228	0	1.397.228
Pýðingarmunur dótturfélaga			34.606		34.606		34.606
Hagnaður ársins				303.661	303.661	1.965	305.626
Heildarhagnaður ársins			34.606	303.661	338.267	1.965	340.232
Áfallin kostnaður v/kaupréttarsamninga			7.175		7.175		7.175
Keypt eigin hlutabréf	(46.300)	(252.520)		(342.356)	(641.176)		(641.176)
Seld eigin hlutabréf	23.093	126.089		174.122	323.304		323.304
Seldur minnihluti í dótturfélagi						7.476	7.476
Greiddur arður, 0,15 kr. á hlut				(37.200)	(37.200)		(37.200)
Eigið fé 31.12.2006	223.201	126.089	12.152	1.026.156	1.387.598	9.441	1.397.039
Eigið fé 1.1. 2007	223.201	126.089	12.152	1.026.156	1.387.598	9.441	1.397.039
Pýðingarmunur dótturfélaga			(3.989)		(3.989)		(3.989)
Hagnaður ársins				415.745	415.745	4.185	419.930
Heildarhagnaður ársins			(3.989)	415.745	411.756	4.185	415.941
Áfallin kostnaður v/kaupréttarsamninga			12.298		12.298		12.298
Keypt eigin hlutabréf	(1.005)	(21.113)			(22.118)		(22.118)
Seld eigin hlutabréf	3.439	48.290			51.729		51.729
Seldur minnihluti í dótturfélagi						2.483	2.483
Bakfært hlutfé vegna ónýtttra söluréttta			8.900		8.900		8.900
Greiddur arður, 0,45 kr. á hlut				(100.451)	(100.451)	(1.860)	(102.311)
Eigið fé 31.12.2007	225.635	153.266	29.361	1.341.450	1.749.712	14.249	1.763.961

Eigið fé

Heildarfjárhæð eiginfjár samstæðunnar í árslok 2007 nam 1.764 m.kr. en var 1.397 m.kr. í árslok 2006 og einnig 1.397 m.kr. í árslok 2005. Hlutdeild minnihluta í eigin fé nam 14 m.kr. í árslok 2007. Nafnverð hlutfjár, samkvæmt ársreikningi, var 226 m.kr. en heildarhlutfé, samkvæmt samþykktum aðalfundar frá janúar 2007, var 235 m.kr. sem þýðir að eigin bréf samstæðunnar voru um níu milljónir að nafnvirði í árslok 2007 eða 4% af heildarhlutahlutfé. Allir útgefnir hlutir eru að fullu greiddir. Í samþykktum félagsins er kveðið á um heimild stjórnar til að auka hlutfé félagsins um allt að 36 milljónir með sölu nýrra hluta til nýrra hluthafa. (Samþykkt á aðalfundi 26. janúar 2007). Þá er í samþykktum heimild til stjórnar að auka hlutfé um allt að 65 milljónir með eftirfarandi hætti: Allt að 25 milljónir til greiðslu fyrir hlutfé í TM Software hf. og allt að 40 milljónir ætlaðar til sölu til hluthafa og starfsmanna innan Nýherjasamstæðunnar. (Samþykkt á aðalfundi 25. janúar 2008).

Eiginfjárlutfall í lok árs 2007 var 31%, samanborið við 31% í árslok 2006 og 35% í lok árs 2005. Eiginfjárlutfall samstæðunnar hefur lækkað nokkuð frá ársbyrjun 2005 þegar það var 44%. Skýrist þessi lækkun að stórum hluta til af lántöku vegna kaupa á AppliCon A/S á árinu 2005 og kaupa á eigin bréfum á árinu 2006 og yfirtöku lána við kaup á dótturfélögum. Þá hefur kostnaður vegna þróunar og uppbyggingar á nýjum dótturfélögum verið gjaldfærður þegar hann fellur til sem hefur áhrif á eiginfjárlutallið.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eiginfjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Ávöxtun eiginfjár var 30,1% á árinu 2007 og 23,4% árið áður.

Greiddur arður á árinu 2007 vegna ársins 2006 nam 0,45 kr. á hlut eða 100 m.kr. Greiddur arður á árinu 2006 og á árinu 2005 vegna ársins áður var 0,15 kr. á hlut. Nýherji hf. hefur þá stefnu að greiða um þriðjung hagnaðar í arð til hluthafa.

9.4 Sjóðstreymi

Handbært fé lækkaði um 151 m.kr. á milli árána 2006 og 2007 og nam 118 m.kr. í árslok 2007. Handbært fé jókst á milli árána 2005 og 2006 um 134 m.kr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 169 m.kr. á árinu 2007, en voru 96 m.kr. 2006 og 87 m.kr. 2005. Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé nam 221 m.kr. árinu 2007, samanborið við 30 m.kr. 2006 og 226 m.kr. 2005.

Nettó fjárstreymi vegna viðskipta með eigin bréf var jákvætt um 30 m.kr. á árinu 2007, neikvætt um 318 m.kr. 2006 og jákvætt um 123 m.kr. 2005. Greiddur arður nam 102 m.kr. 2007, 37 m.kr. 2006 og 36 m.kr. 2005. Engin ný langtímalán voru tekin á árinu 2007 en árið áður voru tekin ný lán að fjárhæð 1.011 m.kr. sem skýrist að hluta til af endurfjármögnun eldri lána. Ný lán á árinu 2005 námu 271 m.kr. Afborganir langtímalána námu 154 m.kr. á árinu 2007, samanborið við 508 m.kr. árið áður og 188 m.kr. árið 2005.

Yfirlit um helstu fjárfestingar samstæðunnar á árunum 2005-2007 er að finna í lið 7.4.

Sjóðstreymisyfirlit (ISK '000)	2007	2006	2005
Hagnaður ársins	419.930	305.626	76.481
Handbært fé frá rekstri	156.370	185.882	240.008
Fjárfestingarhreyfingar	(331.753)	(78.120)	(275.049)
Fjármögnunarhreyfingar	24.474	26.135	101.519
Breyting á handbæru fé	(150.909)	133.897	66.478
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(3.261)	16.371	227
Handbært fé í ársbyrjun	272.052	121.784	55.079
Handbært fé í árslok	117.882	272.052	121.784

9.5 Pro forma fjárhagsupplýsingar

Vegna kaupa á ráðandi hlut Nýherja í TM Software hf. hafa verið teknar saman pro forma fjárhagsupplýsingar um Nýherjasamstæðuna og þann rekstur sem fylgir með í kaupum á TM Software fyrir árið 2007.

Tilgangurinn með því að taka saman pro forma fjárhagsupplýsingarnar er að gefa vísbindingu um það hvernig rekstur Nýherjasamstæðunnar á árinu 2007 og efnahagur í lok þess árs liti út hefði TM Software verið hluti af samstæðunni á því ári. Upplýsingarnar eru eingöngu teknar saman til skýringar og þar sem um pro forma fjárhagsupplýsingar taka til ímyndaðar stöðu endurspeglar þær ekki raunverulega fjárhagsstöðu eða afkomu útgefanda.

Rekstur Theriak Medication Management var klofinn út úr eMR ehf., dótturfélagi TM Software, í október 2007 og seldur í janúar 2008. Rekstur, eignir og skuldbindingar Theriak

fylgdu ekki með í kaupum Nýherja á TM Software og eru því teknar út í sérstökum dálki í pro forma fjárhagsupplýsingunum. Afkoma TM Software hf. á árinu 2007 var neikvæð um 73 m.kr. Ef ekki eru meðtalin afkoma af rekstri Theriak var afkoman af jákvæð um 38 m.kr.

Pro forma fjárhagsupplýsingarnar byggjast á endurskoðuðum samstæðuársreikningum Nýherja hf. og TM Software hf. fyrir árið 2007. Jöfnunarfærslur í pro forma rekstrarreikningnum innifela viðskipti á milli TM Software hf. og Nýherjasamstæðunnar sem að ekki hefðu verið meðtalin hefði TM Software hf. verið hluti af Nýherjasamstæðunni á árinu 2007. Í jöfnunarfærslum í pro forma efnahagsreikningnum eru annars vegar viðskiptastöður milli félaganna sem ekki hefðu verið meðtaldar hefði TM Software hf. verið hluti af Nýherjasamstæðunni á árinu 2007. Hins vegar er með jöfnunarfærslunum færður út væntanlegur eignarhlutur Nýherja hf. í TM Software hf. á móti eigin fé þess félags. Yfirverð eignarhlutarins er allt fært á óefnislegar eignir, en úthlutun yfirverðsins hefur ekki farið fram. Í könnunaráritun endurskoðenda hér að aftan er tiltekið að ekkert bendi til annars en að pro forma yfirlitin séu gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og að þær séu viðeigandi vegna tilgangsins með gerð pro forma eins og þeim er lýst.

Vísað er í skýringu sjö í ársreikningi Nýherja hf. fyrir árið 2007 varðandi áhrif kaupa félagsins á Link hf. og Dansupport A/S á veltu og afkomu Nýherjasamstæðunnar hefðu þessi félög verið keypt í ársbyrjun 2007. Hlutfallslega er ekki um veruleg áhrif að ræða í þessu sambandi.

Könnunaráritun endurskoðenda

Við höfum kannað meðfylgjandi pro forma samstæðuefnahagsreikning 31. desember 2007 og samstæðurekstrarreikning fyrir árið 2007 fyrir Nýherja hf. og TM Software hf. Samstæðuefnahagsreikningurinn og samstæðurekstrarreikningurinn eru byggðir á ársreikningi Nýherja hf. fyrir árið 2007, sem hefur verið endurskoðaður og áritaður án fyrirvara af KPMG hf., og ársreikningi TM Software hf. fyrir árið 2007, sem hefur verið endurskoðaður og áritaður án fyrirvara af Deloitte hf. Í sameinuðum reikningi er gerð grein fyrir þeim breytingum á eiginfjárreikningum og öðrum efnahagsliðum sem samruninn hefur í för með sér, sem og breytingum á rekstrarliðum.

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu rekstrarreikningsins og efnahagsreikningsins. Ábyrgð okkar felst í áritun okkar á þessi pro forma reikningsskil og er byggð á könnuninni.

Við höfum unnið tiltekna kannanir sem fela í sér samanburð á endurskoðuðum samstæðuársreikningum þeirra félaga sem sameinast í Nýherja-samstæðunni við pro forma reikningana. Þá voru líka kannaðar þær breytingar sem gerðar eru á samstæðureikningunum vegna fyrirhugaðrar fjármögnunar Nýherja hf. á kaupverði alls hlutafjár í TM Software hf., þær breytingar sem gerðar eru á rekstrarreikningi TM Software hf. vegna starfsemi á árinu 2007 sem seld hefur verið frá félaginu og öðrum breytingum sem ætla má að af samrunanum hefðu leitt, ef hann hefði orðið árið 2007. Könnun okkar er takmörkuð og felur því í sér minni vissu en endurskoðun. Því látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að;

- pro forma samstæðurekstrarreikningurinn og pro forma samstæðuefnahagsreikningurinn hafi verið gerðir með sömu aðferðum og Nýherji hf. hefur notað við gerð samstæðureikninga sinna;
- breytingar sem gerðar eru séu viðeigandi vegna tilgangsins með gerð pro forma reikninganna eins og þeim er lýst;
- fjárhagslegar upplýsingar séu gerðar og birtar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Við samþykkjum að þessi áritun okkar og vísun til hennar verði hluti af útgefandalýsingu þessari.

Reykjavík, 14. mars 2008.

Sæmundur Valdimarsson, löggiltur endurskoðandi

Kt. 070263-4409

Ólafur Már Ólafsson, löggiltur endurskoðandi

Kt. 090368-3469

Pro forma rekstrarreikningur 2007
(ISK '000)

	Nýherji hf.	TM Software hf.	Starfsemi	Jöfnunar-	Samstæða
			seld frá TM Software hf.	færslur	
Seldar vörur og þjónusta	11.301.427	2.481.210	(97.574)	(132.081)	13.552.982
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	(6.317.906)	(443.340)	0	132.081	(6.629.165)
Vergur hagnaður	4.983.521	2.037.870	(97.574)	0	6.923.817
Aðrar tekjur	53.761	0	0		53.761
Laun og launatengd gjöld	(3.294.902)	(1.635.159)	175.641		(4.754.420)
Annar rekstrarkostnaður	(1.036.391)	(350.426)	58.577	0	(1.328.240)
Afskriftir	(105.801)	(90.348)	68		(196.081)
Rekstrarhagnaður	600.188	(38.063)	136.712	0	698.837
Fjármunatekjur	60.450	42.734	(5.628)		97.556
Fjármagnsgjöld	(156.348)	(95.143)	5.628		(245.863)
Hrein fjármagnsgjöld	(95.898)	(52.409)	0	0	(148.307)
Áhrif hlutdeildarféлага að frádregnum tekjuskatti	3.898	10.175	(10.175)	0	3.898
Hagnaður fyrir tekjuskatt	508.188	(80.297)	126.537	0	554.428
Teikjuskattur	(88.258)	7.783	(16.106)		(96.581)
Hagnaður ársins	419.930	(72.514)	110.431	0	457.847

Pro forma efnahagreiðingur 31.12.2007
(ISK '000)

	Nýherji hf.	TM Software hf.	Kaupverð	Jöfnunar-	Samstæða
				færslur	
Eignir:					
Rekstarfjármunir	1.154.792	124.844			1.279.636
Óefnislegar eignir	1.178.496	536.335		1.251.513	2.966.344
Eignarhlutir í öðrum félögum	13.553	2	1.406.000	(1.406.000)	13.555
Skuldabréfaeign og samningar	16.876				16.876
Skatteign		137.804			137.804
Fastafjármunir	2.363.717	798.985	1.406.000	(154.487)	4.414.215
Birgðir	693.576	26.052			719.628
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.486.115	479.324		(16.196)	2.949.243
Handbært fé	117.882	86.541	(16.000)		188.423
Veltufjármunir	3.297.573	591.917	(16.000)	(16.196)	3.857.294
Eignir samtals	5.661.290	1.390.902	1.390.000	(170.683)	8.271.509
Eigið fé:					
Hlutfé	225.635	227.644	45.000	(227.644)	270.635
Yfirverðsreiðingur	153.266	1.711.788	945.000	(1.711.788)	1.098.266
Annað bundið eigið fé	29.361	0			29.361
Óráðstafað eigið fé	1.341.450	(1.784.945)		1.784.945	1.341.450
Hlutdeild minnihluta	14.249	0			14.249
Eigið fé samtals	1.763.961	154.487	990.000	(154.487)	2.753.961
Skuldir:					
Vaxtaberandi skuldir	1.110.529	621.455			1.731.984
Teikjuskattskuldbinding	70.104	18.379			88.483
Langtímaskuldir	1.180.633	639.834	0	0	1.820.467
Vaxtaberandi skuldir	553.359	201.193	400.000		1.154.552
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.163.337	395.388		(16.196)	2.542.529
Skammtímaskuldir	2.716.696	596.581	400.000	(16.196)	3.697.081
Skuldir samtals	3.897.329	1.236.415	400.000	(16.196)	5.517.548
Skuldir og eigið fé samtals	5.661.290	1.390.902	1.390.000	(170.683)	8.271.509

9.6 Mikilvægar breytingar á fjárhags- og viðskiptastöðu

Ekki er um að ræða neinar mikilvægar breytingar og fjárhags- og viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils aðrar en þær sem lýst er í lið 9.5 og tengjast kaupum Nýherja hf. á TM Software hf.